

## Ég fer yfir mörkin hjá mörgum

**Andrea Eyland** hefur gert barneignarferli Íslendinga að starfi sínu með bók, sjónvarpsþáttum og Instagram-síðu sem er orðin eins konar samfélag. Sjálf er hún opinská í myndbirtingum og frásögnum og hvetur konur til að hætta að skammast sín fyrir allt mögulegt. ➔ 26

Þetta er ótrúlega mikilvæg umræða og vert að segja sögur þeirra af því hvernig lífið í raun er þegar kemur að barneignum.




## Mennirnir sem vilja á forsetastól

Nærmyndir af Guðna Th. og Guðmundi Franklín. ➔ 30, 32



## Baráttan styrkti þær

Anna Sigga, Hulda og Heiða ætla yfir Vatnajökul þveran. ➔ 34



## Breytti um stefnu

Kamilla Ingibergsdóttir jógakennari vildi öðlast rólegra líf. ➔ 22

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# SUMARHÁTÍÐ HEKLU Í DAG FRÁ 12.00–16.00


HEKLA · Laugavegi 170



Flettu á blaðsíðu 13 >



## Veður



Norðvestan 3-8, en 8-13 austast. Viða þurrt og bjart veður, en skýjað með köflum fyrir norðan. Hiti 4 til 14 stig, mildast syðst.

**SJÁ SIÐU 42**



Svandís Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra, lagði fram tillöguna.

## Skimunin gjaldfrjáls fyrstu vikunnar

**COVID-19** Tillaga heilbrigðisráðherra um fyrirkomulag á greiðslu fyrir skimun fyrir kórónaveirunni á ferðamönnum sem koma til landsins eftir að formlegu ferðabanni verður aflétt 15. júní var samþykkt á fundi ríkisstjórnar Íslands í gær.

Farþegar sem koma til landsins og kjósa að fara í sýnatöku vegna veirunnar fremur en að vera 14 daga í sóttkvi, munu frá 1. júlí næstkomandi greiða 15.000 króna gjald vegna sýnatökunnar.

Sýnataka á landamærum hefst 15. júní og verður gjaldfrjáls fyrstu tvær vikunnar. Börn fædd árið 2005 eða síðar þurfa ekki að fara í sýnatöku.

Fram kemur í greinargerð sem kynnt var á síðasta ríkisstjórnarfundinum, að hagfræðileg rök væru fyrir því að ferðamenn verði látnir greiða fyrir kostnað við sýnatöku. Nú liggur fyrir að alþjóðaheilbrigðisreglugerðin stendur ekki í vegi fyrir slíkrum gjaldtöku, enda sé sýnataka valkvæð og tilkynnt með hæfilegum fyrirvara.

Gjaldið sem innheimt verður frá 1. júlí miðast við beinan kostnað ríkisins annan en stofnkostnað og er miðað við fyrirbyggjandi kostnaðargreiningu sem fram kemur í skýrslu verkefnisstjórnar um sýnatöku fyrir COVID-19 á landamærum sem kynnt var í ríkisstjórn 26. maí síðastliðinn. – hó

## Ship-o-hoj!



Nýtt hús Hafrannsóknastofnunar við Hafnarfjarðarhöfn var vígt í gær. Húsið er jafnframt stærsta timburhús landsins. Guðni Th. Jóhannesson forseti var kampakátur þegar hann klippti á borðann til að vígja húsið, neðst á landgangi rannsóknaskipsins Árna Friðrikssonar. Sigurður Guðjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, var ekki síður kátur. Komu þeir að húsinu með lítilli skipalest frá Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Verkfall FÍH samþykkt

**KJARAMÁL** Hjúkrunarfræðingar sem starfa samkvæmt kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (FÍH) og fjármálaráðherra hafa boðað til ótímabundins verkfalls frá klukkan átta að morgni mánudags 22. júní, náist ekki samkomulag um nýjan samning fyrir þann tíma.

Samningaviðræður hafa staðið í rúman mánuð, eða frá því að hjúkrunarfræðingar felldu kjarasamning í lok apríl. Atkvæðagreiðsla um verkfallsboðun fór fram rafrænt og tóku 2.143 hjúkrunarfræðingar þátt, eða 82,2 prósent félagsmanna.

Mikill meirihluti kaus með verkfallsboðun, eða 85,5 prósent, 13,3 voru á móti og 1,2 prósent skiluðu auðu. Krafa hjúkrunarfræðinga snýr að hækkun grunnlauna en nær 15 mánuðir eru frá því að gerðardómur FÍH rann út og þar með miðlægur kjarasamningur félagsins.

Ríkissáttasemjari hefur ekki boðað til annars fundar. – b dj

# Sala þungunarprófa jókst í samkomubanni

Sölutölur yfir þungunarpróf benda til að Íslendingum fjölgi talsvert í kjölfar samkomubannsins vegna COVID-19 faraldursins. Sala á slíkum prófum jókst um 75 prósent milli ára í apóteki í Mosfellsbæ en aðeins 8 prósent á Akureyri.

**SAMFÉLAG** Mikið hefur verið rætt um það hvort þjóðin myndi taka upp á því að fjölga sér í samkomubanninu sem fylgdi COVID-19. Vissulega er erfitt að komast að því með haldbærum hætti hvað Íslendingar gera meðan þeir eru tilneyddir til að halda sig innandyra en þó eru til mælanlegar einingar sem gætu sýnt fram á hegðun Íslendinga í samkomubanni.

Fréttablaðið hefur óskað eftir upplýsingum frá tugum apóteka í öllum landshlutum til að athuga hvort sala á þungunarprófum hafi aukist á síðustu mánuðum með mælanlegum hætti. Niðurstöðurnar benda til þess að samkomubanns-börn séu á leiðinni.

Akureyringum mun líklega fjölga eitthvað á næstu mánuðum en samkvæmt upplýsingum frá Akureyrarapóteki jókst sala á öllum tegundum þungunarprófa um 8 prósent á tímabilinu febrúar, mars og apríl í samanburði við sama tímabil í fyrra.

Akureyringar hafa þó ekki verið jafn duglegir og íbúar í Mosfellsbæ en samkvæmt upplýsingum frá Apóteki MOS var 75 prósent aukningu í sölu á þungunarprófum á tímabilinu febrúar til maí í samanburði við sama tímabil í fyrra.

Skagamenn virðast hafa reynt að fjölga sér á síðustu mánuðum en 9,5 prósent aukning varð í sölu á þungunarprófum í Apóteki Vesturlands á Akranesi á tímabilinu janúar til apríl milli ára. Apótekið hóf sölu á nýrri tegund þungunarprófs undir lok síðasta árs og ef sölutölur yfir það eru teknar með í reikninginn er söluaukningin 21 prósent.

Um 50 prósent aukning er í sölu á þungunarprófum hjá Íslandsapó-



Umbúðir nokkurra tegunda af þungunarprófum FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# 75%

**aukning varð í sölu á þungunarprófum í Apóteki MOS á tímabilinu febrúar til maí í samanburði við sama tímabil í fyrra.**

teki á Laugaveginum í Reykjavík en þar sem um tiltölulega nýtt apótek er að ræða ber að taka tölum um söluaukningu þar á milli ára með varúð að mati apóteksins.

Þá jókst sala á þungunarprófum í 16 apótekum Lyfju um 4 prósent í heildina á tímabilinu 1. mars til 25. maí, borið saman við sama tímabil í fyrra.

Við fyrstu sýn virðist 4 prósent ekki há tala. En á sama tímabili milli áraanna 2018 og 2019 varð einungis 0,1 prósent aukning í sölu á þungunarprófum.

„Þannig að þessi aukning á milli 2019 og 2020 er töluverð,“ segir Sigfríð Eik Arnardóttir, sviðsstjóri Vöru-, birgða- og framleiðslusviðs hjá Lyfju, en Lyfja rekur apótek í Hafnarfirði, Akureyri, Borgarnesi, Egilsstöðum, Ísafirði, Neskaupstað, Húsavík, Reykjanesbæ, Sauðárkróki og á höfuðborgarsvæðinu.

Þá hefur ekki verið mælanleg aukning í sölu á þungunarprófum hjá Lyfjum og heilsu, sem einnig rekur Apótekarann, á fyrstu fjórum mánuðum ársins. Þar er hins vegar um 27 útibú að ræða og var ekki hægt að fá upplýsingar um einstök apótek. mhj@frettabladid.is



## AÐALFUNDUR FEB ÁRIÐ 2020

Áður frestaður aðalfundur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni sem vera átti þann 12. mars, verður haldinn þriðjudaginn 16. júní kl. 14:00 í Súlnasal í Radisson BLU Saga Hotel.

Félagsmenn eru hvattir til að hafa með sér félagsskirteini.

Stjórn FEB - Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni.



HÚSASMÍÐJAN

# FYRIR ÞIG

Í allt sumar  
husa.is



Nýtt blað er komið út  
husa.is



**999 kr**

**10 stk.**

Stjúpur  
10 stk.



Tilboð

Broil King

**79.990 kr**

~~89.990 kr~~

Baron 320

3 ryðfrír brennarar: Dual Tube 8,8 kW/h,  
grillflötur: 2129 cm<sup>2</sup>. 3000611



**20%**

af allri viðarvörn  
og pallaolía

blómaval



**1.990 kr/stk.**

Sýpris  
Flott í útipottana.

**25%**

**1.490 kr**

~~1.990 kr~~  
Hengilóbelía



**990 kr/stk.**

Jarðarberjaplanta



**Garðyrkjuráðgjöf**

Vilmundur Hansen veitir  
ráðgjöf í Blómavali  
í Skútuvogi, laugardag  
og sunnudag frá kl. 13-17



**9.990 kr**

Garðstóll  
Stafanlegir úr áli. 3899595

IKRA  
mogattec

Rafmagnsorf

IGT 350  
Ikra, 350W, 25 cm  
sláttubreidd, lína  
1,6 mm, fram-  
lengjanlegt skaft.  
5086616

**5.995 kr**

IKRA  
mogattec

Rafmagns-  
keðjusög

Ikra, 40 cm, 2200W. 5083731

**14.495 kr**



**6.995 kr**

Rafmagnshekkklippur  
Ikra, 550W, blað 45 cm, kippigeta  
16 mm. 5083754

**38%**

HiKOKI

**19.995 kr**

~~32.495 kr~~

Borvél 12V (2x2.5Ah)

2 stk., 2.5Ah rafhlöður, hersla 38Nm, sn./mín.,  
0-350/1400, 10 mm patróna, 2ja girja,  
kemur í HSC tösku. 5247032



**20%**

TEKAS

**45.595 kr**

~~56.995 kr~~

Sláttuvél með drifi RL 460TR/W  
Bensínmótor 139cc/2,3kW, sláttubreidd  
46 cm drif, 3in1 kerfi. 5085309



**20%**

BLACK+  
DECKER

**27.995 kr**

~~34.995 kr~~

Rafmagnssláttuvél

1400W, sláttubreidd 34 cm, safnkassi 40 ltr.,  
eitt handfang, söfnun á grasi, fyrir allt að 400 m<sup>2</sup>.  
5085192




Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrvæl getur verið misjafnt milli verslana.

TÖLUR VIKUNNAR 31.05.2020 TIL 06.06.2020



28

milljarða greiða fyrirtæki í fasteignagjöld af atvinnuhúsnæði á árinu.



35

milljónir greiddi fjármálaráðuneytið fyrir húsnæði á Þingvöllum.



6

af hverjum 10 konum eru með háskólapróf.



75

prósent ungmenna í Kópavogi starfa hjá Vinnuskólanum í sumar.



440

lán Lífeyrissjóðs verslunarmanna eru í greiðsluhléi.

## Þrjú í fréttum Hagfræðingur, ráðherra og vonbiðill

### Ingólfur Bender

aðalhogfræðingur Samtaka iðnaðarins

segir að sveitarfélögin geti ekki verið stíkkfiri í hagstjórninni. Þau þurfi að aðstoða heimili og fyrirtæki við að takast á við efnahagsfallið og að hærri skattar geri hið gagnstæða. Þá segir hann það verkefni hins opinbera og Seðlabankans að draga úr niðursveiflunni og undirbyggja viðspyrnu hagkerfisins.



### Lilja Alfreðsdóttir

menntamála-ráðherra

braut jafnréttislag með því að skipa Pál Magnússon í embætti ráðuneytisstjóra í stað konu.

Niðurstaða kærufndar jafnréttismála segir ráðherra hafa vanmetið konu í samanburði við Pál.



### Gareth Robison

biðill

dó ekki ráðlaus þegar áætlanir hans um að biðja kærustunnar í ferðalagi á Íslandi fóru um þúfur vegna COVID-19. Hann leitaði til íslenska samfélagsins á vefsíðunni Reddit og fékk hjálp við að framkvæma bónonorðið. Kærastan sagði já og stefnir parið að því að heim-sækja Ísland að ári.



# Fær ekki styrk og segir bát á botni Þingvallavatns í hættu

Hvorki Þingvallanefnd né Minjastofnun vildu veita styrk til að rannsaka um fjögur hundruð ára bátsflak í Þingvallavatni. Þingvallanefnd segist fjárvana í bili vegna áhrifa COVID-19 faraldursins. „Báturinn gæti horfið þess vegna á morgun,“ segir forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands, vonsvikinn.

**FORNLEIFAR** „Niðurstaða Þingvallanefndar olli vonbrigðum,“ segir Hilmar Malmquist, forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands, sem ekki fékk umbeðinn styrk til rannsókna á bátsflaki í Þingvallavatni.

Um er að ræða flak af trébáti sem talið er geta verið frá því um árið 1600 og liggur á botni Þingvallavatns við Vatnsvík. Kafarar fundu flakið árið 2018. Við bátinn hafa fundist bein af hrossum og nautgripum frá sama tímasteiði.

Hilmar segir þarna fundnar elstu leifar timburbáts á landinu. Forathugun sem meðal annars fól í sér aldursgreiningu sé lokið. Hún sé kveikjan að því að óska eftir styrkjum til frekari rannsókna. „Báturinn er eldri en hollenska Mjaltastúlkan sem er við Flatey á Breiðafirði,“ segir hann.

Aðspurður segir Hilmar engar skráðar heimildir varpa ljósi á bátinn sem sé með svokölluðu norrænu lagi. „Þetta lítur út fyrir að vera vatnabátur, sem lítið er vitað um almennt hér á landi og þótt víðar væri leitað, og þess vegna viljum við rannsaka hann betur,“ segir Hilmar.

Umsókn Hilmars og Bjarna F. Einarssonar frá Fornleifafræðistofnun, um sex milljóna króna styrk, var tekin fyrir á fundi Þingvallanefndar 11. mars. Samkvæmt fundargerð var þar rætt um að aðstæður vegna COVID-19 myndu hafa mikil áhrif á sértekjur þjóðgarðsins.

„Þjóðgarðsvörður greinir frá að hann hafi sett til hliðar fornleifarannsóknir á vegum þjóðgarðsins vegna óvissu í fjárhagsstöðu þjóðgarðsins,“ segir í fundargerð Þingvallanefndar.



Flakið sem kafarar fundu í Þingvallavatni haustið 2018. MYND/NÁTTÚRUMINJASAFN ÍSLANDS

Ef það er búið að vera þarna í fáein hundruð ár þá getur það beðið í þrjú, fjögur ár í viðbót.

Ari Trausti Guðmundsson, formaður Þingvallanefndar



Hilmar Malmquist, forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands

Ari Trausti Guðmundsson, formaður Þingvallanefndar, segir þjóðgarðinn hafa haft dálitlar fjárveitingar í fornleifarannsóknir, sem undanfarin ár hafi aðallega farið í að kortleggja fornminjar á landi.

„Nú þegar COVID hefur klippt svona hressilega á fjárhaginn hjá

okkur er þetta sett í salt. En flakið er þarna og fer ekkert. Ef það er búið að vera þarna í fáein hundruð ár, þá getur það beðið í þrjú, fjögur ár í viðbót,“ segir Ari Trausti.

„Það eru allir í krísu auðvitað, en menn eru nú að setja peninga í svona rannsóknir þrátt fyrir kórónaveirufaraldurinn og það eru alls kyns átök í gangi til að styrkja hitt og þetta,“ segir Hilmar.

„Það er algjör synd að fá ekki betri stuðning við þetta,“ segir Hilmar og undirstrikar að ekki sé á vísan að róa með varðveislu bátsflaksins á botni vatnsins. [gar@frettabladid.is](mailto:gar@frettabladid.is)

## FIAT HÚSBÍLAEIGENDUR

### ER HÚSBÍLLINN ÞINN KLÁR FYRIR SUMARIÐ?

BJÓÐUM UPP Á SMURÞJÓNUSTU OG LÉTTA ÁSTANDSSKOÐUN FYRIR SUMARIÐ:

- SJÓNSKOÐUN Á BREMSUKERFI OG UNDIRVAGNI
- LJÓS YFIRFARIN
- ÁSTAND HJÓLBARÐA METIÐ OG LOFTÞRÝSTINGUR MÆLDUR
- ÞURRKUR OG RÚÐUSPRAUTUR YFIRFARNAR
- ÁSTAND KÆLIKERFIS METIÐ
- HLEÐSLA RAFKERFIS MÆLD



ALLIR VINNA – ENDURGREIÐSLA Á VSK Á VINNULIÐ AÐ LÁGMARKSUPPHÆÐ 25.000 KR. ÁN VSK.

ISBAND

UMBODSADILI FIAT Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433  
WWW.FIATPROFESSIONAL.IS • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

5ÁRA  
ÁBYRGÐ



TOYOTA

ALWAYS A  
BETTER WAY

# ÁVÍSUN Á UPPLIFUN

Láttu sólina elta þig í sumar



Dráttarbeisli fyrir ævintýri  
sumarsins **fylgir með RAV4**



AYGO

Yaris

Corolla

Toyota C-HR

Camry Hybrid

Núna er tíminn til að gera góð kaup á nýjum AYGO, Yaris, Corolla, Toyota C-HR, Camry Hybrid eða RAV4.

Hverjum slíkum nýjum bíl fylgir 100 til 200 þúsund króna gjafabréf sem þú átt val um að leysa út hjá Ellingsen, Líflandi eða Veiðihorninu. Að auki færðu dráttarbeisli með RAV4 fyrir ævintýri sumarsins. **Kíktu í heimsókn.**

**Lífland** selur hágæðavarning tengdan hestamennsku.

**Veiðihornið** er sérverslun veiðimannsins.

**Ellingsen** býður upp á allt fyrir útivistina og meira til.

Komdu við hjá næsta viðurkennda söluaðila Toyota og kannaðu hvernig landið liggur.

**Sjá nánar á [toyota.is](http://toyota.is)**



**Toyota Kaupúni**  
Kaupúni 6  
570 5070

**Toyota Akureyri**  
Baldursnesi 1  
460 4300

**Toyota Reykjanesbæ**  
Njarðarbraut 19  
420 6600

**Toyota Selfossi**  
Fossnesi 14  
480 8000

ELLINGSEN

LÍFLAND

VEIÐIHORNID

Gjafabréfið fylgir ekki með öðrum tilboðum. Bílarnir í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

GLÆSILEGT  
**GJAFABRÉF**  
að andvirði  
**100.000 til 200.000 kr.**  
hjá einhverri af eftirtöldum  
verslunum:

# Allar tilkynningar teknar alvarlega

**LÖGREGLUMÁL** Jón F. Bjartmarz, yfirlögregluþjónn hjá embætti ríkislögreglustjóra, segir að það fari eftir eðli máls og alvarleika hvort kallað sé eftir liðsauka sérsveitar. Sveitin starfi eftir reglugerð um sérsveitina frá 1998 og reglum ríkislögreglustjóra sem uppfærðar voru árið 2019.

„Allar tilkynningar sem berast lögreglu í gegnum neyðarlínu eru teknar alvarlegar, sérstaklega þegar um er að ræða hótanir, líkamsárásir og beitingu vopna,“ segir Jón. „Er

það hlutverk lögreglu að bregðast við tilkynningum og rannsaka hvað hafi gerst og hvort um lögbrot sé að ræða.“

Eins og Fréttablaðið greindi frá í vikunni var sérsveit kölluð til í Kjósinni þegar tveir menn deildu um girðingar. Var annar þeirra, Höskuldur Pétur Jónsson sem er 72 ára og fatlaður, handtekinn með mikilli hörku og vistaður í sex klukkutíma á lögreglustöðinni við Hlemm og síðan sleppt. Oddviti Kjósarhepps

**Þegar því er lokið er málið í höndum staðarlögreglu sem rannsakar málið og ákveður hvort viðkomandi er settur í fangageymslu á meðan rannsókn fer fram.**

Jón F. Bjartmarz, yfirlögregluþjónn



furðaði sig á vinnubrögðunum, til dæmis að lögreglan hefði beint skammbýssu að Höskuldi. Valgarður Valgarðsson, yfirlögreglustjóri á lögreglustöðinni á Vínlandsleið, segir tilkynninguna hafa komið frá þeim sem deildi við Höskuld um girðingarnar.

Spurður hver ábyrgð þess sem tilkynnir sé, segir Jón að flest vopnamál sem sérsveit ríkislögreglustjóra kemur að séu á forræði þess lögreglustjóra þar sem málið kemur upp.

„Hlutverk sérsveitar er að tryggja að ekki stafi hættu af þeim sem eru vopnaðir eða taldir eru vera vopnaðir. Þegar því er lokið er málið í höndum staðarlögreglu sem rannsakar málið og ákveður hvort viðkomandi er settur í fangageymslu á meðan rannsókn fer fram,“ segir Jón.

Á fimmtudag greindi Vísis frá því að Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómsmálaráðherra hefði óskað eftir skýringum á handtökunni. – khg



Þessar vasklegu konur öttu kappi á sjómannaþingnum árið 2019.

## Dagskrá sjómannaþings óhefðbundin

**SAMFÉLAG** Dagskrá sjómannaþingsins sem alla jafna fer fram fyrstu helgina í júní með pompi og prakt verður með hófstílltara sniði vegna samkomutakmarkana sem enn eru í gildi. Þannig verða engin skipulögð hátíðarhöld en þeir atburðir sem eru á dagskrá eru annars vegar messa í Dómkirkjunni í Reykjavík og lágstemmdur atburður í Hafnarfirði.

Hálfðán Henrysson, formaður sjómannaþingsráðs, segir að blása þurfi sjómannaþingshátíðina af í fyrsta skipti í 83 ár en ekki hafi verið stætt á öðru. Hins vegar verði messunni í Dómkirkjunni í hádegjunu á morgun útvarpað og gestir velkomnir þar á meðan húsrúm leyfir. Þá muni Hafnirfirdingar geta heiðrað sjómenn fyrripartinn á morgun.

„Við tókum ákvörðun um það í miðjum faraldrinum að ekki væri annað í stöðunni en að blása hátíðarhöldin af í þeirri mynd sem þau hafa verið,“ segir Hálfðán. Fánar verða dregnir að hún á hátíðarsvæði við höfnina í Hafnarfirði klukkan átta, klukkan tíu mun Lúðrasveit Hafnarfjarðar leika við Hrafnistu. Blómsveigur verður lagður að minnisvarða við Víðistaðakirkju um horfna sjómenn klukkan 10.45 og korteri síðar hefst Sjómannaþing í Víðistaðakirkju. Dagskránni lýkur svo með afhendingu trillu til Byggðasafns klukkan 14. – hó

## Minni inn- og útflutningur nú en í fyrra

**VÍÐSKIPTI** Verðmæti vöruútflutnings var 10,3 milljörðum lægra í maí á þessu ári en í sama mánuði í fyrra. Það er 16,3 prósent lækkun á gengi hvors árs. Þetta kemur fram í bráðabirgðatölum á vef Hagstofunnar. Minni viðskipti voru í öllum flokkum, sérstaklega í útflutningi á iðnaðarvöru.

Verðmæti vöruinnflutnings var í maí á þessu ári 14,8 milljörðum lægra en í maí í fyrra, það er lækkun um 22,4 prósent. Lækkun var í öllum flokkum nema í innflutningi á hrá- og rekstrarvörum.

Verðmæti vöruinnflutnings í maí nam 53 milljörðum króna og verðmæti vöruinnflutnings nam 51,2 milljörðum í sama mánuði. Voru því vöruviðskipti í maí, reiknuð á fob-verðmæti, hagstæð um 1,7 milljarða króna. Á sama tíma í fyrra voru þau óhagstæð um 2,8 milljarða á gengi hvors árs. – bdj

# Dómarar innlendra dómstóla eru líka Strassborgardómarar

Róbert Spanó, forseti Mannréttindadómstóls Evrópu, segir að gæta verði varfærni í umræðunni um dómstóla og þrígreiðingu ríkisvaldsins. Sérstaklega í mannréttindamálum. Dómarar gegni mikilvægu hlutverki við vernd réttinda minnihlutahópa í lýðræðisríkjum. Vald meirihlutans geti ekki verið algert.

**R**óbert Spanó fjallaði í fyrsta opinbera erindi sínu frá því hann var kjörinn forseti Mannréttindadómstóls Evrópu, um mikilvægi sjálfstæðra dómara. Erindið flutti Röbert á vettvangi samstarfs Kaupmannahafnarháskóla, iCourts og Verfassungsblog, eins helsta vefmiðils á sviði Evrópuréttar og mannréttinda í Evrópu. Hann fjallaði um grundvallarregluna um sjálfstæði dómvaldsins og lýðræðislega þýðingu mannréttindalaga og vék bæði að dómaframkvæmd MDE og þeim tegundum mála sem dómstólum berast og varða sjálfstæði dómvaldsins. Hann kom einnig inn á vaxandi umræðu á undanförunum misserum um samspil dómstarfa og stjórn mála.

„Við þurfum bara að vera opinská um þetta. Í þessari umræðu er jafnvel fullyrt að dómvaldið sé farið að ógna lýðræðislegri, pólitískri ákvörðunartöku,“ sagði Röbert og bætti við: „Þetta á sérstaklega við í mannréttindamálum; málum þar sem dómarar beita mannréttindareglum byggðum á mannréttindasáttmálanum og sem lögfestar hafa verið í stjórnarskrá eða önnur landslög.“

Röbert lagði áherslu á mikilvægi varfærni í þessari umræðu því málefnið sé einfaldlega of flókið til að leyfa alhæfingar um að dómarar noti vald sitt í andstöðu við þrígreiðingu ríkisvalds.

### Lýðræðið leyfi ekki allt

„Dómstólarnir gegna því mikilvæga hlutverki að tryggja og vernda réttindin í samræmi við stjórnskipunarreglur ríkja sinna á sviðum bæði lagalegs og pólitískis jafnréttis. „Dómstólar og stjórn mála eru hvort tveggja mikilvægir liðir í lýðræðisþjóðfélagi og útiloka því ekki hvort annað,“ sagði Röbert og vísaði til þess mikilvæga hlutverks dómstóla að vernda réttindi minnihlutans gagnvart ofurvaldi meirihlutans í lýðræðislegum samfélögum. Dómvaldið og stjórn málin séu ómissandi hlutar þess kerfis sem ætlað er að tryggja að öllum borgurum sömu virðingu.

Röbert vísaði til þekktra orða fyrrverandi forseta Hæstaréttar Bretlands sem sagði að lýðræðið mæti alla jafnt þótt meirihlutinn gerði það ekki. Dómafordæmi Mannréttindadómstólsins hafi einnig byggt á því að þótt hagsmunir einstaklinga geti þurft að vikja fyrir hagsmunum hópa, megi ekki skilja lýðræðið þannig að meirihlutinn eigi alltaf að hafa allt sitt fram. Þótt lýðræðislegar leiðir til ákvarðanatöku kalli alltaf á mála miðlanir og viðleitni til að ná sameiginlegri niðurstöðu. Án virktrar



Röbert Spanó hefur verið dómari við Mannréttindadómstólinn frá árinu 2013. Hann hefur verið varaforseti dómstólsins undanfarnir tvö ár en tók við embætti forseta dómstólsins 18. maí síðastliðinn. MYND/STEPHANIE KLEIN

**Dómstólar og stjórn mála eru hvort tveggja mikilvægir liðir í lýðræðisþjóðfélagi og útiloka því ekki hvort annað.**

Róbert Spanó, forseti MDE

aðkomu minnihlutahópa og jadarsettra einstaklinga snúist slíkar leiðir hins vegar upp í andhverfu lýðræðis. „Þetta er grundvöllur hins lýðræðislega þáttar í mannréttindalögum og mikilvægi raunverulega óháðra og sjálfstæðra dómstóla innan aðildarríkja sáttmálsins liggur ekki sist í því að tryggja að allir séu viðurkenndir sem þátttakendur í samfélaginu og að réttindi þeirra séu tryggð.“ Með þessari skýringu á hlutverki dómara innan aðildarríkanna vísaði Röbert til orða sinna í upphafi erindisins: „Allir dómamar eru Strassborgardómarar.“

### Grundvallarreglur rekast á

Röbert vék að nokkrum merkmum dómstólum sem útkljáð hafa verið hjá dómstólum á undanförunum árum í málum sem varða sjálfstæði dómstóla. Hann vísaði fyrst til mála einstaklinga sem kært hafa til dóm-

stólsins yfirleitt á grundvelli meints vanhæfis dómara sem dæmdu mál þeirra í landsrétti.

Hins vegar hafi þróun dómaframkvæmdar MDE verið mjög hæg í málum tengdum þeirri kröfu að dómstólar séu skipaðir og settir á stofn með lögum. „Dómstóllinn er hins vegar með mál til meðferðar núna frá mínu heimalandi þar sem leysa þarf úr því í fyrsta skipti hvort 6. gr. Mannréttindasáttmálsins taki til málsmeðferðar í aðdraganda þess að dómarar eru skipaðir,“ sagði Röbert. Þótt hann færi ekki nánar út í málavexti þar sem málið er enn til meðferðar hjá yfirdeild MDE, vék hann aðeins að þeim grundvallarreglum sem vegast á í málum sem þessu.

„Annars vegar erum við að fást við spurningar um þrígreiðingu ríkisvaldsins og mikilvægi þess að sjálfstæði dómvaldsins sé tryggt til að varðveita kerfið í heild sinni auk þess sem slíkt sjálfstæði er forsenda þess að dómstólar njóti trausts innan ríkja. Hins vegar geti niðurstaða um hvort dómstóll hafi verið skipaður á grundvelli laga einnig haft áhrif á önnur grundvallarstjórnarmíð. Nauðsyn fyrirsjáanleika og endanlegrar niðurstöðu dæmdra mála skipti máli og dómarar verði ekki settir af nema við mjög sérstakar og alvarlegar aðstæður. Ljóst er að þessar grundvallarreglur rekast á í málum af þessum toga.“

Röbert nefndi einnig að þótt flest mál sem rötuðu til MDE varði laga-setningu og framkvæmd laga með einum eða öðrum hætti væru einnig til dæmi um að háttsemi embættismanna og jafnvel stjórnmalamanna, þar á meðal yfirlýsingar um yfirstandandi málarekstur fyrir dómstólum landsins, hafi verið talin brot á 6. gr. sáttmálsins vegna reglnnar um sjálfstæði dómvaldsins.

### Dómarar leita til MDE

Röbert varði einnig drjúgum hluta erindisins í umfjöllun um vaxandi fjölda mála sem berast frá dómurum sem kæra til dómstólsins á grundvelli 5. gr. sáttmálsins um rétt til frelsis, 6. gr. um réttláta málsmeðferð og sjálfstæði dómvaldsins, 8. gr. um friðhelgi einkalífs og 10. gr. um tjáningarfrelsi. Þótt dómarar kæri mál sín sem einstaklingar hafi mál þeirra sérstöðu að því leyti að inn í þau fléttist sérstök stjórnarmíð um bæði þrígreiðingu ríkisvalds og sjálfstæði dómvaldsins.

Erindi Róberts er aðgengilegt á netinu auk svara hans við spurningum hlustenda.

adalheidur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Meira á [frettabladid.is](http://frettabladid.is)

# Gleðilega hátíð



# Endurgreiðslur setji Tripical í þrot

Eigandi ferðaskrifstofunnar Tripical segir að fyrirtækið fari í þrot ef útskriftarnemar sem eiga pantaða ferð til Ítalíu fá endurgreitt. Hún segir starfsfólk fá hótanir og gagnrýnir stjórnvöld harðlega. Staðan sé erfið þar sem engar endurgreiðslur berist fyrirtækinu.

**VIÐSKIPTI** „Heimsfaraldurinn hefur snert okkur mjög illa. Við höfum borgað öllum okkar samstarfsaðilum en fáum ekki krónu endurgreidda frá erlendum hótélum eða flugfélögum. Ef við endurgreiðum allt þá fellur fyrirtækið,“ segir Elísabet Agnarsdóttir, eigandi ferðaskrifstofunnar Tripical. Hún stendur nú frammi fyrir því að þurfa að endurgreiða þeim rúmlega 650 útskriftarnemum sem eiga pantaða ferð hjá Tripical á næstu dögum og vikum, það mun setja fyrirtækið í þrot og falla þá niður ferðir hjá þeim rúmlega tvö þúsund manns sem eiga pantaða ferð síðar.

„Ég hef verið með lögmenn í margar vikur til að fá endurgreiðslur erlendis. Það vill enginn endurgreiða okkur. Þetta er vonlaust dæmi.“

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ráðherra ferðamála, tilkynnti á fimmtudag að hún gerði ekki ráð fyrir að frumvarp hennar um inneignarnótur frá ferðaskrifstofum yrði afgreitt frá Alþingi, en með því hefði skyldu ferðaskrifstofa til að endurgreiða ferðir að fullu verið aflétt. Ein af ástæðunum væri að lönd væru að opna landamæri sín mun fyrr en áður var talið. „Við vorum búin að biða eftir þessum lögum í þrjá mánuði,“ segir Elísabet. „Ef þau hefðu orðið að veruleika þá gætum við notað þær inneignir sem við eigum úti og reynt að snúa bátinum.“

Elísabet gagnrýnir stjórnvöld harðlega. „Ríkið hefur valdið okkur miklu tjóni, ríkisstjórnin lætur okkur biða og á meðan getum við engu svarað. Við sitjum uppi með griðarlegan kostnað á meðan ekkert kemur inn og við getum ekk-



Elísabet segir að hótanir berist sér og starfsmönnum Tripical. FRÉTTABLAÐID/SIGTRYGGUR ARI

ert gert,“ segir hún. „Við erum sex manna fyrirtæki sem hefur gengið vel, við höfum ekki verið að greiða neinn arð og álagningin er í lágmarki. Allt í einu hefur þetta breyst í einhverja martröð.“

Hún hefði viljað að ríkið aðstoðaði ferðaskrifstofur þegar verið væri að hvetja landsmenn til að afbóka ferðir. „Sóttvarnalæknir hefur valdið okkur miklu tjóni, hann hefur tvisvar sagt Íslendingum að ferðast bara innanlands á þessu ári. Nú er verið að opna landamæri Íslands og í öðrum löndum Evrópu og treyst á að ferðamannaíðnaðurinn vakni til

lífsins. Það er því talað í kross sem veldur óvissu og misskilningi bæði hjá okkur og ferðamönnum,“ segir Elísabet.

Eina leiðin núna til að endurgreiða sé að fara með fyrirtækið í þrot. „Við erum 100 prósent tryggð. Tryggingakerfið virkar þannig að eina leiðin til að virkja það er að fyrirtækið fari í þrot. Það getur tekið allt að tvö ár og myndum við því telja að það væri betra fyrir neytendur að fá inneignarnótur.“

Á fimmtudaginn var greint frá því að útskriftarnemar við Menntaskólann á Akureyri væru mjög reid-

ir yfir því að fá ekki endurgreiddar alls 40 milljónir króna vegna ferðar til Ítalíu sem bókuð er á mánudaginn. Ekki stendur til að endurgreiða ferðina. „Við getum efnt þessa ferð. Við getum líka boðið þeim ferð til Krítar, Krít hefur komið mjög vel út úr faraldrinum, mun betur en Ísland. Það þarf heldur enginn að fara í sóttkví, hvorki þar né hér.“

Telur hún að Tripical hafi teygst sig eins langt og hægt sé. „Við getum boðið þeim allt nema endurgreiðslu þar sem við höfum nú þegar greitt okkar samstarfsaðilum erlendis. Inneign í fjögur ár sem þau geta

**Allt í einu hefur þetta breyst í einhverja martröð.**

Elísabet Agnarsdóttir, eigandi ferðaskrifstofunnar Tripical

framselt án kostnaðar eða fært ferð sína eftir þeirra óskum. Við höfum boðið útskriftarhópnum upp á ferðir innanlands í takt við ráðleggingar og ábendingar frá foreldrum. Costa del Hella, flott fimm daga prógramm með hótलगistingu, afþreyingu og skemmtun. Nemarnir myndu þá fá inneign fyrir afganginum sem þeir geta notað síðar eða framselt.“

Elísabet vísar því á bug að erfitt sé að ná sambandi við Tripical. „Við erum að svara í símann og svörum öllum tölvupóstum eins fljótt og auðið er. Vandinn er sá að ástand heimsfaraldursins breytist dag frá degi og það sem við skrifuðum í pósti stenst kannski ekki daginn eftir,“ segir Elísabet. „Við erum nú með tvo lögmenn í fullri vinnu við að verja okkur. Okkur berast lögfræðibréf daglega.“

Margir eru reiðir yfir að fá ekki ferðirnar endurgreiddar. „Við höfum fullan skilning á því að margir séu reiðir og ósáttir við stöðuna. Okkur hefur því miður verið hóttað. Það er hóttað að koma heim til mín. Starfsfólkið tekur þetta nærri sér, enda höfum við alltaf staðið við okkar skuldbindingar hingað til,“ segir Elísabet. Hún hefur þó fullan skilning á því að fólk vilji fá endurgreitt. „Ég skil það fullkomlega, en þetta er vonlaus og erfið staða sem við erum í.“ [arib@frettabladid.is](mailto:arib@frettabladid.is)

## „Spítalinn okkar“ AÐALFUNDUR

Aðalfundur landssamtakanna Spítalinn okkar verður haldinn á Nauthóli, Nauthólsvík þriðjudaginn 9. júní 2020, kl. 16.00.

### DAGSKRÁ

Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins. Að loknum aðalfundarstörfum verða áhugaverð erindi:

**Skyggst inn í nýjan meðferðarkjarna Landspítala:**  
Ögmundur Skarphéðinsson, arkitekt

**Hlutverk meðferðarkjarna á tímum farsóttá:**  
Már Kristjánsson, yfirlæknir smitsjúkdóma Landspítala

Lokaorð flytur María Heimisdóttir, forstjóri Sjúkratrygginga Íslands.  
**Tækninýjungar og framtíðarsýn í heilbrigðismálum.**

Allir velkomnir

Stjórn „Spítalans okkar“



Icelandair veðsetti þotur fyrir erlendum lánum. FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

## Þotur Icelandair settar að veði fyrir 13 milljörðum

**FLUGMÁL** Sjö af ellefu Icelandair-þotum sem skráðar hafa verið eign félagsins Airco ehf., þrátt fyrir að því félagi hafi verið slitið 19. desember í fyrra, hafa nú verið fluttar yfir á nafn Icelandair í loftfaraskrá Samgöngustofu.

Haft var eftir Ásdísi Ýr Pétursdóttur, upplýsingafulltrúa Icelandair, í Fréttablaðinu 28. maí síðastliðinn að Icelandair hefði staðið skil á öllum gögnum til Samgöngustofu. „Það sem út af stendur eru ákveðnar staðfestingar erlendis frá sem von er á á næstu dögum,“ bætti upplýsingafulltrúinn þó við.

Samkvæmt veðbókavottorðum áður nefndra ellefu flugvéla hvíla á þeim tvö lán upp á samtals jafn-

» Tvö lán hvíla á ellefu flugvélum í eigu Icelandair en lánin hljóða samtals upp á 13 milljarða.

virði rúmlega þrettán milljarða króna. Fimm þotur eru veðsettar fyrir 35,1 milljón dollara og á sex þotum hvílir 65,2 milljóna dollara lán. Bæði eru lánin tekin á síðasta ári. Lægra lánið er frá 20. júní og herra lánið var gefið út daginn fyrir gamlársdag í fyrra. Lánveitandinn í báðum tilvikum er CIT Bank sem er með höfuðstöðvar í Pasadena í Kaliforníu. – gar



POTTURINN STEFNIR Í

70

MILLJÓÑIR



LEIKURINN OKKAR

# Óvissa um áhrif styttingar í þrjú ár

Niðurstaða skýrslu menntamálaráðuneytisins um styttingu framhaldsskólánáms úr fjórum árum í þrjú er að ómögulegt sé að segja hver áhrifin séu í raun og veru. Einkunnir í háskólum hafa lækkað, starfsfólki líður betur en andlegri líðan heldur áfram að hraka.

**MENNTUN** Meðaleinkunn háskólanemenda sem koma af þriggja ára stúdentsprófsbrautum er lægri en hjá þeim sem luku prófi á fjórum árum. Brottfall nýnema hefur minnkað lítillega. Starfsfólki líður hins vegar betur.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í skýrslu mennta- og menningarmálaráðherra um árangur og áhrif þess að námstími til stúdentsprófs var stytur úr fjórum árum í þrjú. Segir berum orðum í skýrslunni að ómögulegt sé að segja hver áhrifin af styttingunni séu og hvaða breytingar megi rekja til annarra þátta á borð við nýja aðalnámskrá.

Skýrslan var gerð að beiðni Helgu Völu Helgadóttur, þingmanns Samfylkingarinnar. Helga Vala segir að skýrslan hafi valdið sér vonbrigðum, ár sé síðan kallað var eftir henni og þrátt fyrir það er aðeins stuðst við eldri kannanir í skýrslunni. „Það var ekki framkvæmd nein könnun á stöðunni, það er stuðst við gömul gögn og ekki ýtt á eftir svörum. Það eru aðeins þrjár háskólar sem svara en þar má sjá að það var lækkan á einkunnum hjá þessum hópi,“ segir Helga Vala.



Erfitt reynist að meta áhrif styttingar framhaldsskólánáms á nemendur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Minna nám eða meira álag

Árlegt brotthvarf nýnema hefur minnkað um 0,5 prósent ef miðað er við tímabil fyrir og eftir breytingu á námstíma til stúdentsprófs. Brottfall nýnema er áberandi mest í Fjölbrotaskólanum við Ármúla, 17 prósent árið 2018. Lítið brotthvarf er í skólum með bekkjakerfi.

Helga Vala segir tölurnar ekki raunsæjar. „Þar er bara tekið saman hverjir detta út strax á nýnemaönninni, ef við horfum á þetta út frá álaginu inni í skólakerfinu þá er því ekki svarað hvort það er að hafa áhrif á brotthvarf á öðru eða þriðja ári,“ segir hún.

„Annaðhvort er álagið að aukast

Annaðhvort er álagið að aukast eða námið að minnka, eðli málsins samkvæmt. Ef námið er að minnka þá koma þau verr undirbúin inn í háskólana.

Helga Vala Helgadóttir, þingmaður Samfylkingarinnar



eða námið að minnka, eðli málsins samkvæmt. Ef námið er að minnka þá koma þau verr undirbúin inn í háskólana.“

Líðan starfsfólks hefur hins vegar þróast í jákvæða átt, starfsánægja starfsfólks framhaldsskóla mælist nú meiri en annarra stofnana.

Heildarframlög til framhaldsskólastigsins hafa ekki lækkað þrátt fyrir fækkun nemenda vegna styttingar sem þýðir að framlög á hvern nemanda í fullu námi hafa hækkað.

Nokkur aukning var á atvinnuþátttöku framhaldsskólanema með námi á tímabilinu 2013 til 2018. Eru nú um sex af hverjum tíu í vinnu með skóla.

## Ekki sama starfið alla ævi

Helga Vala segir mun á því hvernig skólarnir hafa brugðist við breytingunum. „Það er ekkert val í hefðbundnum bekkjarskólum um að taka námið öðruvísi en á þremur árum, en í skólum þar sem ekki er bekkjakerfi er nemendum sagt strax að þeir þurfi ekki að hraða sér í gegnum námið á þremur árum heldur geti þeir verið lengur.“

Stóra spurningin sé sú hvort styttingin hafi ekki verið óþarfi þegar upp var staðið. „Maður spyr sig, hvers vegna var farið í þetta? Nemendur kölluðu ekki eftir því heldur atvinnulífið þrátt fyrir að vinnumarkaðurinn hafi breyst á undanföllum áratugum. Fólk í dag er ekki að hanga í sama starfinu út starfsævina.“

Helga Vala segist munu kalla eftir frekari gögnum. „Næsta skref er að skoða hvernig nemendum af erlendum uppruna vegnar. Þar þarf að skoða sérstaklega fjárhags- og félagslega stöðu þeirra. Tölur hafa sýnt að brotthvarf sé mun meira hjá þeim hópi og þeim má ekki gleyma.“

## Andleg heilsa versnar

Yfirgnæfandi meirihluti framhaldsskólanema, um 78 prósent, taldi andlega heilsu sína mjög góða eða góða árin 2004 til 2010. Frá þeim tíma hefur hlutfallið jafnt og þétt lækkað og eru nú að meðaltali einungis 60 prósent sem telja andlega heilsu sína vera góða. Hlutfallið er lægra hjá stúlkum en drengjum, rétt rúmur helmingur stúlkna metur andlega heilsu sína góða.

Tölurnar í skýrslunni eru unnar úr gögnum sem Rannsóknir og greining tók saman úr könnuninni Ungt fólk og gefa mynd af andlegri heilsu nemenda árin 2004 til 2018.

Dóra Guðrún Guðmundsdóttir, sviðsstjóri hjá Landlækni, telur ólíklegt að stytting náms valdi því að andlegri heilsu hrakar. „Ég tel það mjög hæpið,“ segir Dóra. Sama þróun hafi átt sér stað í öðrum löndum. „Það er meira um vanlíðan og einmanaleika hjá ungu fólki, eins og við erum að sjá hér á landi.“

Svipuð þróun sé á öllum Norðurlöndunum og ekki hafi orðið breytingar á námslengdinni. „Einnig má benda á að Kvinnaskólinn var með tilraunaverkefni í nokkur ár þar sem framhaldsskólinn var stytur ándan hinum. Þar var góð reynsla af styttingunni og Kvinnaskólinn skar sig ekki úr þegar kom að líðan.“

arib@frettabladid.is

## Fimmtíu stunda vinnuvika

Bóas Valdórsson, sálfræðingur við Menntaskólann við Hamrahlíð, segir að þótt visbendingar séu um vaxandi kvíða og vanlíðan hjá ungu fólki sé ungt fólk líka mjög úrræðagott og duglegt að takast á við aðstæðurnar í lífi sínu.

Mikilvægt sé að aðgengi að þjónustu og úrræðum sé gott fyrir ungt fólk. Það hafi oft ekki mikið á milli handanna og flækjustigið að réttri þjónustu megi ekki vera of mikið eða taka of langan tíma. Með því að skipuleggja hlutina í nærumhverfi ungs fólk og eftir þörfum þess sé líklegt að ungt fólk nýti sér slíka þjónustu áður en vandinn verði of mikill. Framhaldsskólar hafi í auknum mæli verið að efla geðheilbrigðisþjónustu sína með því að fá sálfræðinga til starfa í skólunum. Sú þróun sé í takt við óskir nemenda og hafi verið vel nýtt í þeim skólum þar sem slíkt er farið af stað. Í samræmi við það fór Bóas af stað með hlaðvarpsþáttinn Dótakassann í vetur þar sem hann fjallar um heilsu og líðan.

Þetta hefði verið hernaðarleyndarmál fyrir tuttugu árum.

Bóas Valdórsson, sálfræðingur



Varðandi áhrif samfélagsmiðla segir Bóas að áhrif þeirra séu bæði jákvæð og neikvæð. „Ungt fólk notar samfélagsmiðla til að liðka fyrir samskiptum og deila upplýsingum og daglegu lífi hvert með öðru eins og aðrir aldurshópar. Aukinn samanburður, óraunhæfar glansmyndir og hraðari samskipti hafa auðvitað áhrif á fólk en ungt fólk er líka mjög meðvitað um þetta og heilt yfir segir ungt fólk að sér líði betur í kringum hvert annað en eingöngu í gegnum netsamskipti.“

Í samtölum sínum við nemendur í MH spyr hann gjarnan um álag til að átta sig á því hvort þriggja ára nám sé að bera þá ofurliði. „Þau virðast ekki vera að drukkna úr álagi út af námi, en heildarálagið í venjulegri viku er mjög mikið. Í skólaláplúsnum spyrjum við árlega út í hvað það fari margir klukkutímar í viku í að mæta í tíma, sinna heimanámi, mæta í vinnu og mæta á æfingar í skipulögðum tímum eða íþróttastarfi. Niðurstöður síðustu ára gefa til kynna að vinnuvika framhaldsskólanema sé um 50 klukkustundir. Þá eiga þau eftir að gefa sér tíma til að vera með fjölskyldu, sinna félagslífi og slaka á.“

Stóra breytingin er hversu opin ungmenni eru um líðan sína. „Í dag er ég reglulega stoppaður á göngunum og spurður hvort ég eigi lausan tíma í ráðgjöf, þetta hefði verið hernaðarleyndarmál fyrir tuttugu árum. Í dag er ekki hallærislegt að gera það fyrir framan vini sína.“



## Hafrannsóknastofnun

Opið hús í Fornubúðum 5, Hafnarfirði

Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna er flutt í nýtt og glæsilegt hús að Fornubúðum 5, við höfnina í Hafnarfirði.

Á sjómannadaginn 7. júní milli kl. 13 og 17 býður Hafrannsóknastofnun öllum að skoða húsið. Stutt kynning verður á starfsemi og veitingar í boði.

Við biðjum gesti að sýna tillitsemi vegna sóttvarna en talið verður inn og út úr húsinu. Við erum öll almannavarnir.

Verið hjartanlega velkomin - Hafrannsóknastofnun okkar allra





**GÓÐA FERÐ INNANLANDS**

**TAX FREE\***

**AF FÖRÐUNARVÖRUM  
OG ILMVÖTNUM**

**\*19,35% VERÐLÆKKUN**

Gildir 4. maí - 8. júní 2020  
í verslunum og í netverslun Lyfju

 **LYFJA**

# Árangur Íslands umtalaður í Svíþjóð

Sænski sendiherrann á Íslandi segir ástandið í Svíþjóð vera að batna. Stóru mistökin hafi verið að vernda ekki aldraða á hjúkrunarheimilum. Sendiherrann, sem yfirgefur Ísland í haust, stendur í dag fyrir rafrænum hátíðarhöldum vegna þjóðhátíðardags Svía.

**SAMFÉLAG** „Þetta lítur betur út núna. Svíþjóð valdi eins og Ísland þá leið að loka ekki samfélaginu og það var til dæmis ekki gripið til útgöngubanns. Á Íslandi var auðvitað ráðist í umfangsmikla skimun fyrir veirunni sem var ekki gert í Svíþjóð,“ segir Hákan Juholt, sendiherra Svíþjóðar á Íslandi.

Í gær var tilkynnt um 77 dauðsföll í Svíþjóð af völdum COVID-19 en alls hafa rúmlega 4.600 látist og heildarfjöldi smitaðra er kominn upp í tæplega 43 þúsund. Á blaðamannafundi sænskra heilbrigðis-yfirvalda í gær kom fram að meðaltal síðustu daga sýni að faraldurinn sé á hægrri en öruggri niðurleið.

„Stóru mistökin voru þau að ná ekki að vernda aldraða á hjúkrunarheimilum en smit kom upp á mörgum þeirra. Nú er rætt um ástæðurnar og hver beri ábyrgðina. Það mun taka einhvern tíma að fara yfir þau mál,“ segir Hákan.

Sendiherrann hefur verið tíður viðmælandi sænskra fjölmiðla undanfarnar vikur um ástandið á Íslandi. „Okkur Svíum þykir mikið til árangurs Íslands koma og hversu vel yfirvöld voru undirbúin. Það er talað mikið um þetta í Svíþjóð og hvað við getum lært af Íslendingum.“

Hákan segist búast við að sumaríð verði með líku sniði í Svíþjóð og á Íslandi. Sænsk stjórnvöld tilkynntu í fyrradag að frá og með 13. júní yrði dregið úr ferðatakmarkunum



Slakað verður á ferðatakmarkunum vegna COVID-19 faraldursins innanlands í Svíþjóð um næstu helgi. MYND/EPA

innanlands. Fólk verði engu að síður að sýna ábyrgð og ekki ferðast nema það sé einkennalaust.

„Flestir munu velja að vera heima og ferðast innanlands eins og ég held að raunin verði á Íslandi. Það munu koma færri ferðamenn en landið verður jafn fagurt og áður.“

Svíar halda í dag upp á þjóðhátíðardag sinn en vegna ástandsins verða hátíðarhöld með breyttu

sniði. Sendiráðið á Íslandi ætlar að halda uppteknum hætti og efnir til rafrænnar hátíðar en undanfarið hafa viðburðir verið rafrænir.

„Eftir því sem ég veit best hefur ekkert sendiráð Svíþjóðar nokkurs staðar eða nokkurn tímann haldið svona upp á þjóðhátíðardaginn. Við viljum hafa þetta notalega og skemmtilega dagskrá um Svíþjóð og Ísland.“

Útsendingin frá hátíðinni hefst klukkan 17 í dag á Facebook-síðu sendiráðsins. Bogi Ágústsson fréttamaður mun stýra dagskránni en fjöldi gesta kemur fram.

Hákan segir að ólíkt flestum löndum haldi Svíar ekki upp á þjóðhátíðardaginn til að fagna sjálfstæði eða lokum stríðs. Raunar þekki fáir Svíar þá sögulegu atburði sem tengjast 6. júní sem eru krýning Gústafs

Eftir því sem ég veit best hefur ekkert sendiráð Svíþjóðar nokkurs staðar eða nokkurn tímann haldið svona upp á þjóðhátíðardaginn.



Hákan Juholt, sendiherra

Vasa árið 1523 og breytingar á 19. öld sem drógu úr valdi konungs.

„Svíar fara ekki út með fánana til að fagna þessum atburðum. Þess vegna fögnum við í staðinn því sem Svíþjóð er. Lýðræðinu, okkar góðu nágrönnum, Abba, Spotify, Volvo og Avicii.“

Þriggja ára skipunartíma Hákans lýkur í byrjun september. Hann mun starfa áfram fyrir Svíþjóð á einhvern hátt en hvar liggur ekki enn fyrir.

Spurður út tíma sinn á Íslandi segir hann að hægt væri að skrifa heila bók um hann.

„Markmið mitt var að auka tengslin og búa til nýja þræði milli landanna. Ég held að okkur hafi tekist það vel. Við höfum fundið fyrir miklum áhuga Íslendinga á auknum tengslum við Svíþjóð en annars hefði þetta ekki verið mögulegt.“ [sighvatur@frettabladid.is](mailto:sighvatur@frettabladid.is)

## RISA BÍLSKÚRSSALA: SKRIFSTOFUVÖRUR VEITINGAVÖRUR BÚSLÓÐ

LAUGARDAGINN 6. JÚNÍ KLUKKAN 14-17  
FOSSHÁLSI 7-9



Trump kom út úr viggirtu Hvíta húsinu til að tala við blaðamenn. MYND/AFP

## Bandaríkjaforseti segir landið vera að rísa aftur

**STJÓRN MÁL** Mótmælaaldan sem hefur ríðið yfir Bandaríkin hefur orðið til þess að öryggisverðir Hvíta hússins hafa víggirt aðsetur forsetans. Trump steig hins vegar út fyrir girðinguna í gær og ræddi við blaðamenn. Þar sagðist hann vonast til þess að George Floyd sem lést eftir ofbeldi af hálfu lögreglumanns líti niður frá himnum og sæi hversu frábær dagur þetta væri fyrir Bandaríkin.

Aðaláherslan í máli Trumps var hins vegar að fagna því að farið væri að rofa til í efnahagsmálum eftir erfiða daga í kórónaveirufaraldrinum og að atvinnuleysi færi minnkandi.

„Lögreglan á að koma fram við borgara landsins á sama hátt í aðgerðum sínum óháð kynþætti, litarhætti, kyni eða stöðu. Það verða allir að njóta sannngirni þegar lögreglan er að beita valdi sínu. Þetta má ekki gerast aftur. Vonandi er George að horfa niður til okkar og lítur það sömu augum og við, að ástandið horfi til betri vegar og það séu frábærir hlutir að gerast á bandarískri grundu.“

Þá gaf hann sér einnig tíma til þess

að hrósa og þakka lögreglumönnum fyrir þeirra störf á erfiðum og viðsjárverðum tímum.

Atburðir síðustu daga hafa vakið hörð viðbrögð en stór fyrirtæki, framámenn í viðskiptalífínu og íþróttum hafa á einn eða annan hátt stutt baráttu þeldökkra fyrir réttinum til að fá líf sitt metið að sömu verðleikum og annarra. Þannig sagði NFL-leikmaðurinn Drew Breesp í gær að leikmenn deildarinnar yrðu að gera meira en að tala um hlutina og láta verkin tala.

„Núna verðum við að taka á þessu vandamáli með raunverulegum aðgerðum í stað þess að koma með endurteknum yfirlýsingar um að eitthvað verði að gera. Þegar samfélag þeldökkra ræðir um þær þjáningar sem þeir þurfa að þola þurfum við virkilega að hlusta og gera eitthvað,“ segir Breesp en hann og kollegar hans í deildinni sem og annars staðar í íþróttahæiminum hafa mótmælt birtingarmynd kynþáttafordóma sem lögregluofbeldi í garð þeldökkra er með því að krjúpa á annað hnéd við ýmiss konar aðstæður. – hó

# SUMARHÁTÍÐ

## HEKLU




## 6. JÚNÍ

### 12.00-16.00


### Sannkölluð veisla í dag milli kl. 12 og 16!

Verið velkomin á sumarhátíð **HEKLU** í dag. Við frumsýnum fyrsta Skoda tengiltvinnbílinn **Superb iV** og nýjasta fjölskyldubílinn **Kamiq**. Einnig frumsýnum við 35" breyttan og töffaralegan **Mitsubishi L200** sem er tilbúinn í íslenska sumarið og draumaferðabílinn **Volkswagen California** sem býður spennur eftir ferðafélögum! **Audi e-tron 50** verður að sjálfsgöngu á staðnum ásamt **Q5 TFSI e** sem er rafmagnaður tengiltvinnbíll. Ásamt frumsýningarstjórnnum dagsins mun **Volkswagen T-Cross** sýna gestum lipra og sportlega takta og hinn alrafmagnaði **e-up!** hve risasmár og knár hann er.

**Bæjarins Bestu** verða á staðnum með grillvagninn sinn og á staðinn mæta blaðrari og ráfari frá **Sirkus Íslands**. Komdu og fagnaðu sumri með okkur og öllum félögum úr bílafloða HEKLU. **Hlökkum til að sjá þig!**



20% afsláttur  
af völdum aukahlutum



Við hlýðum Víði. Starfsfólk HEKLU gætir þess að fylgja kröfum varðandi fjöldatakmarkanir og sótthreinsun svæða.

# NÝR DEFENDER FRUMSÝ Í NÁTTÚRULEGU UMHVEIÐ

Komdu og skoðaðu lofaðasta Land Rover síðari ára þar sem  
sín best – á Úlfarsfelli, Nauthólsvík, Sjálandi eða Víðidal.

[www.landrover.is](http://www.landrover.is)



## VIÐ HESTHÚSABYGGÐ Í VÍÐIDAL

64°06'9.319"N, 21°47'40.186"W

### Land Rover DEFENDER FIRST EDITION

Sýningarbíll/grænn (Shifting Pangea)  
240 hestöfl, dísil  
8 þrepa sjálfskipting  
Terrain Response 2 skynvætt drifkerfi  
Rafstýrð loftpúðafjöðrun  
3D 360° myndavélakerfi  
Connected PRO leiðsögukerfi

20" álfelgur, skynvædd Matrix LED aðalljós, blindhornsviðvörðun,  
svart lakað þak, glerþak opnanlegt, þokuljós að framan,  
400W Meridian hljómkerfi, lykillaustr aðgengi, litað gler,  
Black Edition útlitspakki, baksýnispegill með myndavél.

Aukabúnaður:  
Svartir þakbogar, rafdrifið dráttarbeisli.

Verð ..... 15.990.000 kr.  
Með aukabúnaði ..... 16.350.000 kr.



Bíllinn er sýndur með Nugent 3ja hesta  
hestakerru frá Vallarbraut.

## VIÐ VEITINGASTAÐINN SJÁLAND GARÐABÆ

64°05'37.726"N, 21°55'53.904"W

### Land Rover DEFENDER FIRST EDITION

Sýningarbíll/silfurgrár (Indus Silver)  
400 hestöfl, bensín, M-HYBRID  
8 þrepa sjálfskipting  
Terrain Response 2 skynvætt drifkerfi  
Rafstýrð loftpúðafjöðrun  
3D 360° myndavélakerfi  
Connected PRO leiðsögukerfi

20" álfelgur, skynvædd Matrix LED aðalljós, blindhornsviðvörðun,  
svart lakað þak, glerþak opnanlegt, þokuljós að framan,  
400W Meridian hljómkerfi, lykillaustr aðgengi, litað gler,  
Black Edition útlitspakki, baksýnispegill með myndavél.

Aukabúnaður:  
Svartir þakbogar, rafdrifið dráttarbeisli.

Verð ..... 18.790.000 kr.  
Með aukabúnaði ..... 19.150.000 kr.



Bíllinn er sýndur með nýjustu útgáfunni af hinu  
glæsilega MINK 2.0 Sporthýsi frá MINK CAMPERS.

**OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16**

**LAND ROVER**

HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK  
SÍMI: 525 6500

# ÝNDUR RFI

em hann nýtur



ABOVE & BEYOND



## VIÐ NAUTHÓL Í NAUTHÓLSVÍK

64°07'21.161"N, 21°55'31.203"W

### Land Rover DEFENDER FIRST EDITION

Sýningarbíll/brúnn (Godwana Stone)  
240 hestöfl, dísil  
8 þrepa sjálfskipting  
Terrain Response 2 skynvætt drifkerfi  
Rafstýrð loftþrúðafjöðrun  
3D 360° myndavélakerfi  
Connected PRO leiðsögukerfi

20" álfelgur, skynvædd Matrix LED aðalljós, blindhornsviðvörðun, svart lakkað þak, glerþak opnanlegt, þokuljós að framan, 400W Meridian hljómkerfi, lykillaust aðgengi, litað gler, Black Edition útlitspakki, baksýnispegill með myndavél.

Aukabúnaður:  
Svartir þakbogar, rafdrifið dráttarbeisli.

Verð ..... 15.990.000 kr.

Með aukabúnaði ..... 16.350.000 kr.

## POLARIS

Bíllinn er sýndur með Polaris RZR Turbo XP PRO DYNAMIX 181 hestafla Buggybíl frá Stormi.



## Á TOPPI ÚLFARSFELLS

64°08'52.966"N, 21°43'13.816"W

### Land Rover DEFENDER S

Sýningarbíll/hvítur (Fuji White)  
240 hestöfl, dísil  
8 þrepa sjálfskipting  
Terrain Response drifkerfi  
Rafstýrð loftþrúðafjöðrun  
3D 360° myndavélakerfi  
Connected PRO leiðsögukerfi  
10" skjár Pivi PRO

19" álfelgur, LED aðalljós, regnskynjari, hiti í framrúðu og stýri, leðurklætt aðgerðastýri, 180W Meridian hljómkerfi, leður-/tauáklæði á sætum, vaðdýptarskynjari.

Aukabúnaður:  
Rafdrifið dráttarbeisli, skyggðar afturrúður, langbogar, lykillaust aðgengi.

Verð ..... 13.890.000 kr.

Með aukabúnaði ..... 14.550.000 kr.

## THULE

Bíllinn er sýndur með nýrri gerð topptjalda frá Thule sem fást hjá Stillingu. Tjöldin eru meðfærileg og vönduð og henta vel við íslenskar aðstæður.

## #defenderleikur

### Taktu þátt í DEFENDER LEGO leiknum

Mundu þegar þú kikir við og skoðar nýjan DEFENDER að smella af mynd, pósta henni með myllumerkinu #defenderleikur og þú gætir unnið glæsilegan DEFENDER LEGO bíl.

## Allt í rusli



Jón Þórisson  
jon@frettabladid.is

Sú mynd er að dragast upp af ráðslagi við rekstur Sorpu að þar sé ekki allt með felldu. Fréttir voru fluttar af því í vetur að framkvæmdir við gas- og jarðgerðarstöð sem fyrirtækið ákvað að ráðast í, hafi farið alvarlega úr böndum og framúrkeysla við framkvæmdina nemi hálfum öðrum milljarði. Samtals horfir þá í að heildarkostnaður verði rúmir fimm milljarðar.

Það er nógu slæmt. Við bætast svo efasemdir um að eftirspurn sé eftir afurðunum sem út úr þessari gas- og jarðgerðarstöð eiga að koma. Í vikunni var til dæmis haft eftir formanni BÍgreinasambandsins í Fréttablaðinu, að bílaframleiðendur hafi hætt þróun á bílum sem ganga fyrir metani. Þá hafa verið settar fram efasemdir opinberlega, um að moltan sem á að framleiða í jarðgerðarhluta stöðvarinnar, sé frambærileg til síns brúks.

Það var sem sagt í vetur sem stjórn félagsins vaknaði upp við að kostnaðaráætlanir við byggingu stöðvarinnar virtust ekki einu sinni hafa verið hafðar til hliðsjónar við ákvarðanir sem teknar voru um verkið, svo miklu skeikaði á þeim og þeim kostnaði sem í virtist stefna. Þetta var reyndar í kjölfar skýrslu sem innri endurskoðun Reykjavíkurborgar vann um fyrirtækið, en að frumkvæði stjórnarinnar.

Lausnin á því var að reka forstjórnann. Eftir dramatiska atburðarás varð það niðurstaðan. Ekki virtist koma til greina að stjórnin sjálf, sem á að sinna eftirlitshlutverki með starfsemi og gæta að innra eftirliti og eftirfylgni, liti sér nær í þeim efnum. Það er ekki alltaf lausn við vanda að menn segi sig frá störfum og stundum eru þeir sem búa til vanda, hæfastir til að leysa hann. Það er óvíst að það eigi þó við í þessu tilviki því fleira kemur til. Sorpa er mikilvægt innviðafyrirtæki sem annast förgun úrgangs íbúanna. Og það er enginn að ætlast til þess að hagnaður sé af þeirri starfsemi. En það er á hinn bóginn ætlast til að ráðdeild sé í rekstrinum og mikilvæg verkefni félagsins séu innt af hendi á eins hagkvæman hátt og mögulegt er.

Það er svo sjálfstætt mál hvernig Sorpa ætlar að bregðast við þeim vanda sem við blasir þegar í ljós kemur að hvorki er markaður fyrir gasið né moltuna. Ekki er víst að neinar aðrar hugmyndir verði uppi en að hækka álgögur á íbúa þeirra sveitarfélaga sem eiga fyrirtækið.

Meinið í þessu öllu liggur í því að hinir kjörnu fulltrúar sveitarfélaganna lita á stjórnarsetur í fyrirtækjum sem eru í eigu sveitarfélaganna sem þeir voru kosnir til forystu fyrir, sem aðferð til að bæta sín kjör, en síður að gæta að þeim hagsmunum sem þeim er trúað fyrir. Þó eru ekki greidd nein sultarlaun fyrir setu í bæjarstjórnnum og borgarstjórn.

Sveitarstjórnarmenn eiga ekki að sitja í stjórnnum fyrirtækja á borð við Sorpu. Því þarf að breyta. Það má vel vera að þeir séu vel fallnir til að sitja í sveitarstjórn, en þeir verða ekki sjálfkrafa heppilegir til stjórnarsetu í fyrirtækjum í eigu sveitarfélagsins, enda að jafnaði reynslulitlir í fyrirtækjarekstri.



Sveitarstjórnarmenn eiga ekki að sitja í stjórnnum fyrirtækja á borð við Sorpu.

Gunnar



## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



## Í búri sérhvers manns

Undanfarið hefur mér liðið eins og ég lifi og hrærist í búri. Vegna kórónaveirufaraldursins sem nú geisar er stór hluti veraldar í hálfgerðu stofufangelsi. Rimlar marka tilveru mína. Eina útivist mín á sér stað í litlum blokkargarði í London sem girtur er af með rammgeru rimlahliði. Allar athafnir mínar eiga sér stað innandyrna þar sem ég horfi á umheiminn gegnum rimlagardínur. Aðalsjónvarpssmellur COVID-19 tímabilsins er Netflix-heimildarþáttaröðin Tiger King sem fjallar um eiganda tigrisdýragarðs í Bandaríkjunum. Kaldhæðni vinsældanna rann upp fyrir mér nýlega þegar ég hröfði á sex ára dóttur mína arka hring eftir hring í kringum sófann í stofunni, hegðun sem þekkt er hjá dýrum lokuðum í búrum dýragarða.

Ellefu vikur eru síðan bresk stjórnvöld lokuðu skólum, flestum verslunum, pöbbum og veitingastöðum og skipuðu öllum sem gátu að vinna heiman frá sér. Margir hugsuðu til þessa nýja lífs með hryllingi. Engin pásar frá börnunum. Ekkert að gera. Iðjuleysi og leiðindi um ókomna tíð. Svo virðist hins vegar sem margir hafi orðið fyrir óvæntri opinberun í sóttkvínni.

Nýverið var breskum fasteignasölum leyft að opna aftur. Öllum að övörum var eftirspurn eftir þjónustu þeirra svo mikil að allt ætlaði um koll að keyra. Fasteignasalar voru á einu máli. Fólk hafði líkað hægur rytmi hins breytta heims, hálfótm dagatalið, þögull vinnusíminn, dagskrárlaus tími með fjölskyldunni. Bretar skipuleggja nú í hrönnum að flytja úr hraða og kraðaki stórborgarinnar í rólyndið í þorpum og sveitum. Því í ljós kemur að rimlar eru ekki nýjung í lífi okkar. Við lifðum og hræðumst í búrum löngu fyrir COVID-19.

Engilsaxneska orðið „workaholic“, eða vinnufikill, er talið hafa fyrst komið fram í kanadíska dagblaði árið 1947. Áhyggjur af ofríki vinnu voru þó langt frá því að vera nýjar af nálinni. Fimmán árum fyrr

skrifaði breski heimspekingurinn Bertrand Russell ritgerð til varnar iðjuleysi þar sem hann fullyrti að „mikill skaði hlytist af trú samtímans á að vinna sé dyggð“. Löngu fyrir Kristsburð skrifaði gríski heimspekingurinn Aristóteles um að „hamingjan fyndist í frítímanum“.

Kynslóðum saman hefur okkur verið talin trú um að annir séu hið hæsta tilverustig. Lífið er markaðsvara. Að afla sér lífsviðurveris jafngildir því að eiga sér líf. En í krísum eignum við til að endurmeta hlutina. Hinn nýi „kórónaveiruleiki“ hefur orðið til þess að margir hafa kynnst kostum þess að „vera“ í stað þess að „gera“. Það sem áður var hulið sjónum blasir nú við: Annríki eru hinir ósýnilegu rimlar í búri sérhvers manns.

Ríkisstjórnir um heim allan leitast nú við að afnema höft sem komið var á til að stöðva útbreiðslu kórónaveirunnar. Til stendur að endurreisa veröld sem var. En viljum við veröldina nákvæmlega eins og hún var?

Gárur kórónaveirunnar gjálfra við framtíðarstrendur. Skaðinn af COVID-19 mun setja mark sitt á komandi kynslóðir. En áfallið sýndi einnig fram á að hlutirnir geta verið öðruvísi en þeir eru: Mengun í borgum heimsins snarminnkaði; bifreiðar viku fyrir skokkurum og börnum að leik; ágeng pip snjallsíma hljóðnuðu; starfsfolk gat unnið að heiman og þurfti ekki að hanga innilokað í farartækjum til að komast í og úr vinnu; foreldrar áttu fjölbreyttari samtöl við börn sín en „hvert í fjandanum settir þú skóna þína, við erum orðin allt of sein?“.

Við stöndum á tímamótum. Hyggjumst við æða inn í framtíðina af andvaraleysi og leggja undir okkur morgundaginn með hugmyndum gærdagsins? Hyggjumst við hverfa aftur til þess tíma er við örkuðum stanslaust í hringi eins og dýr í búri, fangar eigin annríkis? Eða hyggjumst við móta framtíðina með hugmyndaflugið að vopni, eftir eigin óskum?

DAG HVERN LESA

93.000

ÍSLENDINGAR  
FRÉTTABLAÐIÐ  
AÐ MEÐALTALI

HEIMILD: PRENTMIÐLAMELING GALLUP OKT-DES 2019, 12-80 ÁRA, ALLT LANDIÐ HÁGSTOFA ÍSLANDS, MANNFJÖLDATÖLLUR, 2019

FRÉTTABLAÐIÐ - MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFELAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMADUR: Helgi Magnússon. FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI: Jóhanna Helga Viðarsdóttir. RITSTJÓRI: Jón Þórisson jon@frettabladid.is. FRÉTTASTJÓRAR: Ari Brynjólfsson arib@frettabladid.is. Garðar Örn Úlfarsson gar@frettabladid.is. MARKAÐURINN: Hörður Áegisson horður@frettabladid.is. FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Kristjón Kormákur Guðjónsson kristjon@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 180.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Björk Eidsdóttir bjork@frettabladid.is MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrun@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Arnason sfa@frettabladid.is



# Þjónusta alla leið á sjó og landi

## Til hamingju með daginn!

Í tilefni af sjómannadeginum þökkum við sjómönnum og útgerðarfyritækjum fyrir ánægjuleg samskipti í gegnum tíðina. N1 er alltaf til staðar með þjónustu við sjávarútveginn, á sjó og landi.

440 1000 [n1.is](https://n1.is)



ALLA LEIÐ

# Sorgarsaga stjörnuunglings Ajax

Einn efnilegasti unglingsur sem komið hefur úr akademíu Ajax, Abdelhak Nouri, varð fyrir alvarlegum heilaskaða í æfingaleik með félaginu árið 2017. Félagið hefur viðurkennt mistök og rekið lækni sem sinnti guttanum í fyrstu. Nouri var sagður næsti Iniesta.

**FÓTBOLTI** Fjölskylda Abdelhak Nouri, leikmanns Ajax sem varð fyrir heilaskaða í æfingaleik gegn Werder Bremen 2017, hefur ekki svarað tilboði Ajax um bætur fyrir son sinn. Samkvæmt hollenska blaðinu De Telegraaf sagði Ajax upp samningi leikmannsins þann 1. apríl og bauð fjölskyldunni rúmar 750 milljónir króna í bætur. Félagið ætlar að halda áfram að styðja leikmanninn og borga allan læknis-kostnað eins lengi og hann lifir. Edwin van der Saar, framkvæmdastjóri Ajax, sagði á blaðamannafundi að félagið hefði gert mistök þegar Nouri hneig niður þann 8. júlí 2017.

Nouri var einn mest spennandi leikmaður sem var að koma upp úr akademíu Ajax. Hann hafði spilað 15 leiki fyrir aðalliðið og skorað eitt mark. Þá hafði hann spilað fyrir öll landslið Hollands. Hann byrjaði sjö ára í akademíunni og var yfirleitt á lista yfir efnilegustu unglingsa í Evrópu. Hann spilaði fyrsta leikinn sinn 19 ára fyrir félagið, árið 2016, og ári síðar var hann valinn leikmaður ársins í unglingsflokki. Hann var nefndur á lista Guardian yfir efnilegustu ungmenni Evrópu 2014 og sagður minna á sjálfan Andres Iniesta.

„Hann var svona gæi sem var ekki hægt að komast nálægt. Alltaf þegar hann fékk boltann þá var hann löngu búinn að sjá hvað hann væri að fara gera. Hann hafði svaklegt auga fyrir leiknum og frábæra tækni,“ segir Viktor Karl Einarsson, leikmaður Breiðabliks en hann var á mála hjá AZ Alkmaar og spilaði á mótum Nouri. Í Hinni hliðinni, á fótbolta.net, sagði Viktor að Nouri og Frankie de Jong, núverandi miðjumaður Barcelona, væru bestu leikmenn sem hann hefði mætt.

„Þegar ég var að spila einu sinni á mótum Ajax fékk hann sendingu og tveir gæjar frá okkur koma í áttina að honum. Einhvern veginn vissi hann af þeim og tekur boltann aftur fyrir sig í gegnum klofið og fer á milli þeirra. Þeir stóðu báðir eftir og skildu ekki neitt hvernig hann hafði gert þetta,“ segir Viktor. Hann kvíttar alveg undir líkindi hans við Iniesta.

## Þrjár mínútur að átta sig

Ajax og Werder Bremen mættust í æfingaleik fyrir tímabilið 2017-2018 á Lindenstadion Hippach, í Austurríki. Samkvæmt BBC hafði Nouri ekki sofið vel og var með magaverki fyrir leikinn. Það var mjög heitt þennan dag og kom guttinn inn á fyrir Hakim Ziyech í hálfleik. Á 72. mínútu hægðist á honum og hann lagðist rólega til jarðar. Dómarinn stoppaði ekki leikinn alveg strax en sjúkraliðarinn var kominn til hans 20 sekúndum eftir að hann lagðist á jörðina. Nokkrum sekúndum síðar kom lækni liðsins líka.

Fljótlega tóku leikmenn að átta sig á því að ekki væri allt með felldu. Læknalið Werder Bremen rauk út á völl og leikmenn byrjuðu að fara með bænir. Framherjanum Klaas-Jan Huntelaar var mjög órótt eins og sést á myndbandi sem er á Youtube.

Í frétt BBC segir enn fremur að það hafi tekið læknaliðið þrjár mínútur að átta sig á því að Nouri væri í hjartastoppi. Sjúkraliðar sem komu á völlinn tengdu hann loks við hjartastuðtæki, sjö mínútum eftir að hann féll til jarðar.



Abdelhak Nouri liggur í grasinu. Læknir liðsins, Don de Winter, var rekinn í kjölfarið, enda sýndi rannsókn að hann hefði vikið frá leiðbeiningum UEFA.



Í fyrsta heimaleik Ajax eftir atvikið, sýndu stuðningsmenn Nouri mikinn stuðning.



Nouri spilaði alla 15 leiki fyrir Ajax. MYND/GETTY

**Hann var svona gæi sem var ekki hægt að komast nálægt. Alltaf þegar hann fékk boltann þá var hann löngu búinn að sjá hvað hann væri að fara gera.**

Viktor Karl Einarsson, leikmaður Breiðabliks.



Læknirinn Daniel Rainer fékk skilaboð um leikmann á vellinum í hjartastoppi og kom fljótlega á vettvang. Í samtali við hollenska blaðið De Volkskrant segir hann að endurlifgun hafi þegar verið í gangi og

sjúklingurinn hafi verið tengdur við hjartastuðtæki. Hann hafi fengið lyf til að örva blóðrásina og eftir 13 mínútna meðferð hafi þeir numið hjartslátt og öndun.

Sjúkraþyrla flutti hann á sjúkrahús í Innsbruck, þar sem viðbrögðin voru fyrst um sinn jákvæð. Hjarta- og heilapróf voru í lagi, en frekari skoðun sýndi að Nouri hafði orðið fyrir alvarlegum heilaskaða sökum súrefnisskorts.

Rúmu ári síðar viðurkenndi Ajax að félagið hefði gert mistök. Í yfirlýsingu sagði félagið að læknismeðferð þess á Nouri hefði verið ófullnægjandi. Fjölskylda hans lagði fram nýjar upplýsingar þar sem kom fram að læknaliðið var of lengi að opna öndunarveginn og einbeitti sér að vitlausum hlutum.

„Við viðurkennum ábyrgð okkar

og tókum afleiðingunum. Hjarta-stuðtækinu hefði átt að beita fyrr. Hefði það gerst, er möguleiki að Nouri hefði komið út úr þessum harmleik öðruvísi. Það er ekki víst, en það er möguleiki,“ sagði Edwin van der Sar, framkvæmdastjóri Ajax. Læknir liðsins, Don de Winter, var rekinn í kjölfarið, enda sýndi rannsókn að hann hefði vikið frá leiðbeiningum UEFA, meðal annars.

## Var 33 mánuði á sjúkrahúsi

Viktor Karl var í akademíu AZ Alkmaar þegar atvikið gerðist og segir að fótboltaheimurinn hafi eiginlega stoppað þegar fréttirnar bárust. „Við fengum frí á seinni-parts æfingunni þennan dag þegar fréttirnar komu. Það voru fjölmargir sem þekktu til hans sem fannst eðlilega ekki gaman að fara

á æfingu þegar þeir fengu þessar fréttir.“

Í sjónvarpsþættinum De Wereld Draait Door í mars, sagði bróðir Nouri að hann væri nú kominn heim eftir 33 mánuði á sjúkrahúsi. Húsinu hefði verið breytt fyrir allar hans þarfir. Hann gæti tjáð sig með augabrúnum og gæti setið og horft á fótbolta. „Hann sefur, hnerrar, borðar og jafnvel ropar. En hann fer ekki úr rúminu og er háður okkur,“ sagði Abderrahim Nouri.

Hann fór ekki frekar yfir tilbod Ajax í þættinum. Fjölskyldan hefur stefnt Ajax fyrir hollenska knattspyrnusambandinu. Samkvæmt De Telegraaf er fjölskyldan þó þakklát félaginu fyrir það sem það hefur gert og aðeins eigi eftir að klára að ganga frá formsatriðum.

benediktboas@frettabladid.is

# RISA

KOMDU OG PRÓFAÐU  
DRAUMARAFHJÓLIÐ

RAFHJÓLAHÁTÍÐ  
**ELLINGSEN Á GRANDA**  
LAUGARDAGINN 6. JÚNÍ  
**FRÁ KL. 13–15**

**BMX-BRÓS** SÝNA  
LISTIR SÍNAR OG  
**ÍSBÍLL VALDÍSAR**  
VERÐUR Á STAÐNUM

**25.000KR**

GJAFABRÉF Í ELLINGSEN

fylgir öllum seldum rafhjólum um helgina.

VILT ÞÚ VINNA

**100.000KR**

GJAFABRÉF Í ELLINGSEN?

Allir sem kaupa rafhjól og rafhlaupahjól laugardaginn 6. júní fara í pott og eiga möguleika á að vinna 100.000 króna gjafabréf í Ellingsen. Drögum 10. júní.

# ELLINGSEN.IS

FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVABRAUT 1-3 AKUREYRI / 580 8500 / Síðan 1916 / WWW.ELLINGSEN.IS

# FJÖLBREYTT ÚRVAL GARÐHÚSGAGNA

IDesign



## LUND

Tungusófi úr Lund línunni. Handofin húsgögn úr sterku nælon fléttuefni og álgrind. Fyrsta flokks svampur og áklæði með góða endingu. Stærð: 249 x 152 x 66 cm

**119.920 kr.** ~~149.990 kr.~~

ENN MEIRA ÚRVAL ÚTIHÚSGAGNA OG FYLGIHLUTA Í SÉRÞÆKINGI  
OKKAR UM GARÐHÚSGÖGN. Þú finnur hann á [husgagnahollin.is](http://husgagnahollin.is)



**20%**  
AFSLÁTTUR

## CIRCLE

Circle garðborðin vinsælu er komin aftur. Grind úr endingargóðu og sterku húðuðu áli. Platan úr bambus viði með granít kjarna í miðju.

Stærð: Ø 110 x 74,5 cm

**79.992 kr.** ~~99.990 kr.~~



**20%**  
AFSLÁTTUR

## CLIC

Tvær gerðir Click garðstóla, frá danska fyrirtækinu HOUE, úr plastblöndu, húðuðu áli og bambus sem er ein sterkasta viðartengundin. Styður mjög vel við bakíð í öllum setstöðum en gefur einnig vel eftir svo hann er mjúkur og þægilegur. Fæst með háu og lágu baki. Dökkgrár.

Lágt bak: D: 58 B: 60 H: 82 cm

**22.392 kr.** ~~27.990 kr.~~

Hátt bak: D: 58 B: 60 H: 106 cm

**25.592 kr.** ~~31.990 kr.~~

**MIKIÐ ÚRVAL AF SMÁVÖRUM MEÐ 20-60% AFSLÆTTI!**



## ÖLL BRETTI

ALLAR  
SVUNTUR

**30%**  
AFSLÁTTUR



Reykjavík 12 – 18 virka daga  
Bíldshöfði 20 12 – 17 laugardaga  
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 12 – 18 virka daga  
Dalsbraut 1 12 – 16 laugardaga

Ísafjörður  
Skeiði 1

[www.husgagnahollin.is](http://www.husgagnahollin.is)  
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Afsláttarverð gilda til 12. júlí eða á meðan birgðir endast

# SUMAR ÚTSALA

Allt að

# 60%

afsláttur

IDdesign

## ALBA

Hægindastóll með eða án skemils. Svart, ljósgrátt,brúnt eða hvítt leður. Blátt, sinnespulg, ljós- eða dökkgrátt áklæði. Þægilegur stóll á góðu verði.

Stóll í áklæði

**63.992 kr.** ~~79.990 kr.~~

Stóll í leðri

**87.992 kr.** ~~109.990 kr.~~

Skemill í áklæði

**15.992 kr.** ~~19.990 kr.~~

Skemill í leðri

**23.992 kr.** ~~29.990 kr.~~

**20%**  
AFSLÁTTUR

## MEXICO

Hægindastóll. Sinnespulg, grænt eða grátt sléttflauel eða svart leður. Snúningsfótur.



**15%**  
AFSLÁTTUR

Áklæði

**80.742 kr.** ~~94.990 kr.~~

Leður

**110.492 kr.** ~~129.990 kr.~~



## FLORIDA

Glæsilegur og þægilegur hornsófi. Áferðarfallegt, ekta leður allan hringinn, leðrið fæst dökkbrúnt, dökkgrátt eða svart. Þétt, mjúk sæti og bak með fallegum þversaumum. Sófinn fæst með vinstra eða hægri horni (það er ekki færanlegt). Stærð: 260 x 218 x 95 cm

**20%**  
AFSLÁTTUR

**303.992 kr.** ~~379.990 kr.~~

## NYBORG

Borðstofustóll. Olíuborin eða hvíttuð olíuborin eik.



**25%**  
AFSLÁTTUR

**37.493 kr.** ~~49.990 kr.~~

## NYBORG

Borðstofustóll. Svart beyki.



**25%**  
AFSLÁTTUR

**32.243 kr.** ~~42.990 kr.~~

## KARUP

Borðstofustóll. Svart beyki og grátt áklæði.



**26.243 kr.** ~~34.990 kr.~~

## KARUP

Borðstofustóll. Svart beyki og svart leður.



**25%**  
AFSLÁTTUR

**33.743 kr.** ~~44.990 kr.~~

## BILLUND

Borðstofustóll. Olíuborin eða hvíttuð olíuborin eik.



**25%**  
AFSLÁTTUR

**35.243 kr.** ~~46.990 kr.~~

Þú finnur bæklinginn  
husgagnahollin.is

HÚSGAGNA  
HÖLLIN



Kamilla starfaði lengi við tónlistarbransann og segir tónlistina alltaf hafa verið sitt meðal. Nú notar hún tónlist til að öðlast innri ró og hjálpa öðrum við það. FRÉTTABLAÐID/SIGTRYGGUR ARI

Björk  
Eiðsdóttir  
bjork@frettabladid.is



**K**amilla starfaði lengi í tónlistarbransanum hér á landi og var meðal annars kynningarstjóri Iceland Airwaves-hátíðarinnar og verkefnastjóri hjá Útflutningskrifstofu íslenskrar tónlistar. „Það var áður en ég breytti algjörlega um stefnu með það að leiðarljósi að eiga rólegra líf. Ég hafði stundað jóga og hugleiðslu í mörg ár samhliða vinnu, en það var bara ekki nóg fyrir mig þannig að ég fór bara alla leið inn á þessa línu,“ segir

## Breytti um stefnu til að öðlast ró

**Kamilla Ingibergsdóttir** umturnaði lífi sínu fyrir nokkrum árum og breiðir nú út fagnaðarerindið um innri ró, með samkomum með jóga, tónheilun og kakódrykkju, eins og KakóRó á sunnudag.

Kamilla sem lauk jógakennaranámi fyrir nokkrum árum síðan, en hefur síðan bætt við sig ýmiss konar heilun, síðast tónheilun og tónþerapiu í Bandaríkjunum.

„Ég þreytist ekki á að læra og er mjög forvitin manneskja að eðlisfari, hef alltaf þörf til að skoða hlutina nánar. Tónlist hefur svo alltaf verið mitt meðal, alveg frá því að ég var barn, og nú nota ég tóna og hljóð til að skapa endurnærandi upplifun fyrir fólk sem vill kærkomna hvíld frá hversdeginum, stressinu og hraðanum.“

**Við erum gangandi vatnspokar**  
Kamilla segir tónheilun geta verið margs konar, en í grunninn séu

Í OPINNI DAGSKRÁ

Mjólkurbikarinn

ÁLFTANES - FRAM  
LAUGARDAG 13:50

2 SPORT  
stod2.is | 1817



## VIÐ ERUM Í RAUN BARA

### GANGANDI VATNSPOKAR

### ENDA UM 70 PRÓSENT

### VATN OG ÞVÍ GETUR

### HLJÓÐ HAFT MIKIL ÁHRIF

### Á OKKUR.

manni að skerpa fókus, sem er heldur betur gott þegar við reynum að stilla hugann.“

Nú á sunnudaginn stendur Kamilla fyrir viðburði í Ljósheimum sem hún kallar KakóRó og segir hún viðburðinn vera fyrir alla þá sem vilja fá smá ró í líf sitt og prófa eitthvað nýtt. „Þetta er bæði fyrir byrjendur og þá sem iðka hugleiðslu, jóga eða hvers konar sjálfsvinnu. Ég held reglulega viðburði fyrir fólk til að njóta hvíldar og hlúa að sér.“

Kamilla hefur staðið fyrir slíkum viðburðum undanfarin fjögur ár og segir þá breytast eftir því sem hún sjálf læri meira. „Kakóið hefur þó



Heilnæmt kakóið fær Kamilla alla leið frá Gvatemala. MYND/ADSEND

alltaf verið rauður þráður í því sem ég geri. Svo er ég líka með hlaðvarp með vinkonu minni sem heitir Leiðin að sjálfinu og þar ræðum við alls kyns andleg viðfangsefni eins og heilun og kakó. Það má finna á Spotify og Apple Podcasts.“

Eins og fyrr segir fer KakóRó fram í Ljósheimum, sem er andleg miðstöð í Borgartúni 3. „Þar er hægt að iðka jóga, fara í hljóðbað, kaupa kristalla, fara í heilun og nudd. Ljósheimar eru sannkölluð vin í Borgartúninu,“ segir Kamilla að lokum.

Allar upplýsingar um viðburði Kamillu má finna á kako.is og frekari upplýsingar um starfsemi í Ljósheimum má finna á ljósheimar.is.

tónar, hljóð og tónlist notuð til að bæta líkamlega og andlega heilsu og vellíðan. „Við þekkjum það líklega öll að tónlist getur haft mikil tilfinningaleg áhrif á okkur, fengið okkur til að gráta eða vilja dansa. Hún er einfaldlega það kraftmikil og tónheilun er ekki ný af nálinni, en bæði Grikkir og Egyptar til forna notuðu tónheilun sérstaklega til að kanna andlegar víddir og komast nær sjálfinu. Jógar og ýmsir andlegir iðkendur hafa svo ómað og kyrjað um aldir alda, til að róa og hreinsa hugann.“

Hljóð eða tíðni hafa áhrif á efni, sér í lagi vatn. Við erum í raun bara gangandi vatnspokar, enda um 70 prósent vatn og því getur hljóð haft mikil áhrif á okkur. Fólk finnur virkilega fyrir hljóðunum sem notuð eru í hljóðbaði um allan líkamann. Rannsóknir sýna til dæmis fram á að tónlist og tónheilun geta styrkt ónæmiskerfið, dregið úr streitu og bætt svefn.“

#### En hvað er hljóðbað?

„Í hljóðbaði skapa ég hljóðheim með aðstoð kristalsskála, gongs og fleiri hljóðgjafa til að hjálpa fólki að slaka á, njóta hvíldar og tengja sig inn á við. Svo nota ég hreint kakó frá Gvatemala, öndunaræfingar og ýmislegt, til að gera fólki kleift að gefa eftir inn í slökunina. Hver og einn liggur á sinni dýnu, undir teppi og hefur tækifæri til að nýllstilla sig og finna fyrir friðsæld. Hljóðbæði eru mjög róandi. Alla vega þau sem ég geri,“ segir Kamilla í léttum tón.

#### Kakó er flóknasta baun jarðar

Kakódrykkja hefur verið vinsæl í tengslum við ýmiss konar slökun og áhrif þess dásömuð, og er þá um að ræða hreint kakó, en eins og fyrr segir notar Kamilla kakó frá Gvatemala. „Um er að ræða hreinan kakómassa sem er eins lítið unnið og mögulegt er, til að viðhalda næringarefnum og virkum efnum. Kakóbaunin er einhver flóknasta baun sem vex á jörðinni, er blóðflæðisaukandi, hefur jákvæð áhrif á úthald og orku, minnkar bólgur, ýtir undir framleiðslu á gleðiboðefninu serótónín, lækkar streitu-hormónið kortisól og örvar velíðunarstöðvar í heilanum og framleiðslu á endorfíni.“

Að auki inniheldur það króm, theobromine, mangan, sink, kopar, járn, C-vítamín, omega-6 fitusýrur og trýptófan, svo eitthvað sé nefnt af þeim fjölmörgu efnum sem kakóið inniheldur,“ segir Kamilla og heldur áfram; „Í menningu Maya-fólksins í Mið-Ameríku hefur kakó og kakóplantan gegnt veigamiklu hlutverki í árpúsundir og hlotið nafnbótina fæða gudanna. Það má rekja kakódrykkju 4.200 ár aftur í tímann og því tími til kominn að þessi dásemdardrykkur rati til Íslands.“

#### Dásamleg viðbót

Kamilla er sannfærð um áhrifamatt kakósins og er viss um að það hjálpi til við slökun líkamans. „Það er stútfullt af magnesíum og það er bara þannig að áður en hugurinn getur farið að slaka á, verður líkaminn að geta slakað á. Kakóið er til dæmis dásamleg viðbót við hugleiðslu þar sem það inniheldur efni sem hjálpa

# Aukin lífsgæði – lengra líf

Styrktarsjóður Lyfju hefur opnað fyrir umsóknir. Markmið sjóðsins er að veita styrki til heilsueflandi verkefna sem stuðla að auknum lífsgæðum landsmanna eða hafa forvarnargildi.

Við hvetjum alla áhugasama aðila að sækja um á [lyfja.is/styrkir](http://lyfja.is/styrkir)

Umsóknarfrestur er til **1. ágúst 2020**.

Verslanir Lyfju eru um allt land - [lyfja.is](http://lyfja.is)



# 45

1975 | Bílabúð Benna | 2020



# Draumveruleiki.

## 100% rafmagns Porsche Taycan frumsýndur í dag.

Bílabúð Benna á 45 ára afmæli. Í tilefni af þessum tímamótum keyrum við upp spennandi afmælis dagskrá í allt sumar. Fyrsti viðburðurinn er frumsýning á tímamótabílnum Porsche Taycan. Taycan er sönnun þess að einstök tækni og hönnun Porsche hefur orðið að veruleika í magnaðasta 100% rafbíl í heimi.

**Upplifðu draum verða að veruleika.**

**Velkomin(n) í dag á Sumarhátíð á Krókhálsi 9, milli kl. 12:00 og 16:00.**





PORSCHE

Björk  
Eiðsdóttir  
bjork@frettabladid.is



Það er kannski kaldhæðnislegt en ég myndi ekki segja að ég væri mikil barnakerling,“ segir Andrea sem sjálf á fimm legbörn, eins og hún kallar þau sem hún sjálf gekk með, og þrjú lánsbörn sem hún kallar börn mannsins síns, og hefur lagt það fyrir sig að útbúa efni um barneignarferlið.

Fyrir tveimur árum kom út ljósmynda- og upplýsingabókin Kviknar, sem Andrea vann ásamt Aldísi Pálsdóttur ljósmyndara, Hafðísi Rúnarsdóttur ljósmyndur og sambýlismanni sínum Þorleifi Kamban hönnuði. Í framhaldi varð til þáttaröð fyrir Sjónvarp Simans, Líf kviknar, sem vann til Edduverðlauna sem mannlífsþáttur ársins 2019. Og nú vinna þau hjónaleysin ásamt Glassriver að nýrri þáttaseríu, Líf dafnar, fyrir Stöð 2 þar sem fjallað verður um fyrstu þrjú árin í lífi barnsins og fjölskyldunnar.

„Ég er alltaf að átta mig betur og betur á því að ef ég segist aldrei ætla að gera eitthvað er ég svolítið slegin utan undir með því,“ segir Andrea. „Nú er ég farin að passa mig betur á því hvað ég segi. Þegar ég skildi og varð ein með þrjár stúlkur þrítug ætlaði ég til að mynda aldrei að eignast annan mann. Hvað þá fleiri börn!“ segir hún í léttum tón en það átti aldeilis eftir að breytast.

#### Fjórtnán mánuðir á milli barna

Andrea og Þorleifur kynntust fyrir rúmlega fjórum árum, og áttu þá þrjú börn hvort. Fyrir rúmum tveimur árum eignuðust þau saman soninn Björgvin Yl sem reyndist ákveðið sameiningartákn fyrir hópinn stóra. „Hann fæddist þegar ég var 37 ára gömul og 14 mánuðum síðar bættist bróðir hans við. Björgvin Ylur var því aðeins fimm mánaða þegar ég varð aftur barnshafandi.“

Aðspurð hvort það hafi verið á planinu að koma með annað barn svo fljótt svarar Andrea einlæg: „Ég veit nákvæmlega hvernig börnin verða til. Ég var að fara eftir 10-10-10 reglunni en þegar sonurinn var fimm mánaða gamall fór ég út með vinkonu minni og fékk mér þrjá bjóra og kom heim í svona miklu studu,“ segir hún í léttum tón. „Það er kannski hættulegt að segja þetta og auðvitað er þetta að ýmsu leyti ábyrgð tveggja aðila en ef ég vil ekki verða ólétt, þá verð ég ekki ólétt. Ég bar ábyrgð á þessari talningu og það var okkar samkomulag að treysta því,“ segir Andrea sem vildi ekki lengur taka getnaðarvarnarhormóna sem hún hafði gert í mörg ár.

En hvernig ætli henni hafi orðið við þegar hún áttaði sig á því að hún væri aftur barnshafandi svona stuttu eftir að hún eignaðist barn? „Ég fór bara að gráta. Ég viðurkenni það alveg. Við hugsuðum með okkur hvort við hreinlega gætum þetta en eftir nokkra daga gátum við ekki séð neina aðra leið.“

Eftir á að hyggja held ég að yngri sonurinn hafi komið til mín svo ég gæti haldið áfram á þeirri braut sem virtist vera lífsleiðin mín. Það er kannski asnalegt að segja það en allt þetta Instagram-samfélag hefði aldrei farið af stað nema af því að ég var að biða eftir barni og fór að birta daglegar uppfærslur á meðan ég beidi.“

Þó svo að það hafi ekki verið planað að koma með annað barn segir Andrea soninn, sem fékk nafnið Þröstur Varmi, hafa verið ljómandi velkominn. „Enda sá ég fyrir mér að það væri meira gaman að þeir væru tveir heldur en að Björgvin væri einn eftir með okkur þegar hin væru farin að heiman. Þeir eru þó eins og svart og hvítt í útliti og atferli.“

#### Persónulegar frásagnir

Instagram-síðuna Kviknar, sem Andrea nefnir, stofnaði hún til að birta myndir tengdar fyrrnefndri



Fyrir fjórum árum var Andrea einstæð, þriggja barna móðir en í dag er hún í sambúð og börnin orðin alls átta.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
VALLI

# Skömmin alltof algeng

Segja má að **Andrea Eyland** hafi gert barn-eignarferlið og uppeldi að starfi sínu en hún heldur úti Instagram-síðu sem hún kallar samfélag þar sem konur styrkja og aðstoða hverjar aðra og segir hún ekki vanþörf á.

bók og sjónvarpsþáttum en hún er núna orðin eins konar samfélag fyrir konur og örfáa feður í barn-eignarferli. Fylgjendur eru orðnir hátt í sjö þúsund og samfélagið mjög virkt.

Fjórða meðganga Andreu og

fæðingin sjálf gekk ótrúlega vel að hennar sögn en sú fimmta reyndist Andreu erfið. „Ég var sífellt þreytt en það var alltaf útskýrt með því að ég væri með stórt heimili og lítið barn fyrir. Ég fann aftur á móti að þetta var ekki eðlileg þreyta, mér



Á ÞESSUM FYRSTU TVEIMUR ÁRUM ER SKILNAÐAR-TÍÐNIN HÁ EN FLESTIR ERU SKILNAÐIRNIR VEGNA ÞESS AÐ VIÐ FÁUM EKKI AÐ SOFA OG FÖRUM NÁNAST AÐ HATA HVORT ANNAD.

leið eins og líkami minn væri fullur af blýi og ég gat hreinlega ekki lyft mér upp. Svona var þetta í hátt í þrjú mánuði og mér leið eins og enginn hlustaði á mig. Loks mældi heimilislæknirinn járníð í líkama mínum þegar ég var komin tæpar 40 vikur

á leið og kom þá í ljós að magn þess var hættulega lágt.“ Andrea fékk þá járnkjöf í æð og segir líðanina hafa batnað til muna.

En ekki nóg með að meðgangan hafi verið erfið, þá var hún einnig löng, eða 42 vikur allt þar til sonurinn var tekinn með keisaraskurði og reyndist 21 mörk. Ekki gafst mikill tími til að jafna sig því fjölskyldan hafði leigt íbúðina sína út til ferðamanna yfir sumartímann og sjálf leigt sér húsnæði á Seyðisfirði og í framhaldi í Danmörku. Því var haldið af stað til Seyðisfjarðar þegar sonurinn var aðeins fimm daga gamall. „Þetta var löngu ákveðið og við búin að leigja íbúðina okkar út en þannig fjármögnum við öll okkar ferðalög.“

Ætlunin var að njóta „orlofsins“ á þessum stöðum en í ljósi aðstæðna varð dvölin önnur en áætlað var. „Ég efast um að ég muni nokkurn tíma fara aftur til Seyðisfjarðar né Danmerkur,“ segir Andrea og hlær. „Ég fæ bara hroll. Þetta var bara of mikið,“ enda fullt hús barna hluta dvalarinnar og hún nýkomin úr keisaraskurði. „Mömmur okkar

Framhald á síðu 28 ►

# Veldu rafmagn. Veldu stíl.

Eigum bíla til afgreiðslu.



## K O N A

RAFMAGN frá Hyundai

## Fyrsti rafdrifni jepplingurinn. Drægi 449 km\*.

Nýr 100% rafdrifinn Hyundai KONA er fyrsti rafdrifni jepplingurinn á markaðnum.  
\*Hann hefur eitt mesta drægi bíla í þessum stærðarflokki eða 449 km samkvæmt nýjum WLTP mælingum. Meðal búnaðar í nýjum Hyundai KONA er skynvæddur hraðastillir, sjálfvirk neyðarhæmlun, sjónlínuskjár sem varpar upplýsingum um hraða og leiðsögn í framrúðu, Krell hljóðkerfi og margt fleira. Hyundai KONA er fánlegur með 39kW rafhlöðu eða 64 kW rafhlöðu.

Hyundai KONA 2WD með 289 km drægi 5.290.000 kr.  
Hyundai KONA 2WD með 449 km drægi 5.990.000 kr.

Opið í dag frá 12–16

 **HYUNDAI**

Hyundai | Kaupúni 1 | Sími 575 1200 | [www.hyundai.is](http://www.hyundai.is)

**5** ÁRA  
ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

**8** ÁRA  
RAFHLÖÐU  
ÁBYRGÐARTRYGGING

Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur. Að auki fylgir öllum Hyundai rafbílum 8 ára eða 200.000 km ábyrgð á aðal rafhlöðu bílsins.

Framhald af síðu 26 ◀

reyndu að stoppa mig en þegar ég er búin að ákveða eitthvað er engin rökhugsun, ég er svo hvatvís," segir Andrea og viðurkennir að þreytan hafi vissulega safnast upp.

„En til að gefa þessu öllu einhvern tilgang lít ég svo á að bæði þessi börn hafi komið til þess að ég gæti haldið utan um þetta barneignarferlissamfélag.“

Instagram-síðan Kviknar tók kipp þegar Andrea fór að birta myndbönd af sjálfri sér í Instagram Story en slíkar myndir og myndbönd endast í sólarhring. „Ég setti inn myndband af mér á 39. viku meðgöngunnar þar sem ég spurði hvað ég ætti að gera til að koma þessu barni út. Næstu þrjár vikurnar var ég svo bara í því að svara því hvað ég væri að gera og hvernig gengi. Ókunnugar konur vöknudu á morgnana og sendu mér spurningar um hvort eitthvað væri að gerast.“

### Veita hver annarri stuðning

Fylgjendurnir hrúguðust inn og Andrea segir sér hafa brugðið þegar hún áttaði sig á því að yfir eitt þúsund fylgjendur horfðu á myndböndin daglega. „Ég var búin að setja inn svo margt vandræðalegt og var ekki að átta mig á því að það væru svona margir að fylgjast með. Nú eru það þrjú til fjögur þúsund sem horfa á myndböndin daglega. Þetta er ekki há tala miðað við marga en hér á Íslandi fæðast um fjögur þúsund börn á ári og þetta eru greinilega þær konur. Einhverjar detta svo út og aðrar koma inn.“

Eins og heyrma má hafa vinsældir síðunnar verið miklar og konur fagnað því að geta leitað þar eftir stuðningi og ráðum. „Við verðum smá gagú í hausnum þegar við eigum von á barni og erum með lítið barn. Þá kemst ekkert annað að. Kannski sem betur fer, þetta er ótrúlega mikilvægur tími.“

Ég var sjálf á persónulegu nótnum svo konurnar sem fylgdu mér fóru að deila með mér reynslu-sögum sínum sem ég svo deildi með hinum. Þannig gátu þær talað saman í gegnum mig. Ég ákvað að hafa allar sögurnar nafnlausar og er mjög trú þessum konum og tala ekki um það hver hefur samband við mig. Stundum biðja þær mig um að birta ekki sögur þeirra heldur vilja bara segja mér frá. Það vantaði augljóslega vettvang fyrir konur í þessum aðstæðum til að deila sinni reynslu og finna að þær væru ekki einar. Þetta snýst bara um það.“

Eins og fyrr segir er Andrea opin-ská í frásögnum og myndbirtingum. „Ég fer yfir mörkin hjá mörgum. Líka foreldrum mínum sem segjast oft fréttu eitthvað um mig frá Kviknar. Maðurinn minn er aftur á móti svo slakur að þetta fær ekkert á hann.“

### Sýnir raunverulegt líf mæðra

Andrea hvatti konur til að birta myndir af raunum sínum í barn-eignarferlinu, undir myllumerkinu #raunin, og maganum eftir meðgöngu og eftir barneignir, merktar #mínubumba, og ekki stóð á viðbrögðunum. „Markmiðið er að safna saman myndum og sögum foreldra í sumar undir fyrirsögninni #raunin og halda svo sýningu í haust í Smáralindinni. Þetta er ótrúlega mikilvæg umræða og vert að segja sögur þeirra af því hvernig lífið í raun er þegar kemur að barn-eignum.“

„Þetta snýst um frelsi. Þetta ár sem ég hef haldið úti Instagram-reikningnum í þessari mynd er skömmin rauður þráður í öllu því sem er að gerast þar inni. Í alvöru talað! Nánast hver einasta saga snýr að því að við skömmumst okkar. Við skömmumst okkar fyrir líkamann okkar eða fyrir að barnið okkar sé óþekkt, sambandið okkar lélegt eða að pikan okkar hafi breyst, við séum ekki nógu fallega óléttar eða af fallega óléttar. Við skömmumst okkar fyrir að líða of vel eða ekki nógu vel. Við eigum að vera svona eða hinsegin. Ef við erum of



Andrea og Porleifur eignuðust synina tvo með 14 mánaða millibili en fyrir áttu þau sex börn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**Þröstur Varmi var tekinn með keisaraskurði eftir 42 vikna meðgöngu. Hann reyndist 21 mörk, eða 5.250 grömm, sem er nálægt meðalþyngd þriggja mánaða barns.**

jákvæðar erum við í afneitun og ef við erum neikvæðar erum við hundleiðinlegar.“

Andrea er á því að þau áföll sem konur verði fyrir á lífsleiðinni fylgi þeim inn í meðgöngu og fæðingur. „Hormónarnir fara af stað og allt það sem við höfum upplifað kemur svo bersýnilega í ljós í þessu ferli; þar sem við erum að tengjast annarri manneskju og hitta sjálfar okkur fyrir um leið. Við erum berskjaldaðar líkamlega og andlega. Það er rosalega algengt að ef það er

eitthvað óuppgeitt innra með okkur þá magnast það upp í þessu ferli.“

Hún bendir á mikilvægi þess að heilbrigðisstarfsmenn hlusti á konur og leyfi þeim að tjá sig um líðan sína. „Ég held að 70 prósent þess sem hrjáir okkur leysist ef við fáum að segja frá því. Með Kviknar hafa margar konur skrifað tilfinningar sínar og hugsanir niður. Það hefur hjálpað þeim að koma því frá sér, að einhver lesi það og segi: „Ég skil þig.“ Það hrúgast oft inn svipaðar sögur og konur finna að þær

þess að hafa upplifað eitthvað getur kona ekki skilið aðra almennilega.“

Sonurinn reyndist 21 mörk, eða rúmlega 5,2 kíló, sem er nálægt meðalþyngd þriggja mánaða barns. „Þegar hann var sex vikna kom í ljós að hann er með lága vöðvaspennu svo hann var undir eins settur í sjúkrahjálfun til að styrkja hann.“

Við sex mánaða aldur kom svo í ljós að hann þjádíst af járnskorti. Á þessum tíma svaf barnið í kringum 18 klukkustundir á dag og sýndi lítil viðbrögð, brosti varla og horfði einhvern veginn í gegnum okkur. Eftir greininguna fékk hann daglegan járnskammt og það var er eins og hann hafi hreinlega vaknað til lífsins. Við höfðum eðlilega miklar áhyggjur, fórum með hann í allar mögulegar litninga- og genarannsóknir en ekkert kom í ljós. Engin skýring hefur fundist á þessum járnskorti og er hann ekki talinn tengdur þeim skorti sem ég var með þó ég hafi mínar efasemdir um það. Hann er ennþá linari en önnur börn og ríðar smá en hann er farinn að standa og skriða og gera allt á sínum eðlilega tíma.“

Andrea segir greininguna hafa verið mikinn létti eftir hálf tveimur árum. „Mér var eiginlega sama hvort einhver þroskafrávik kæmu í ljós, því óvissan var það versta. Það sama hef ég heyrt frá öðrum foreldrum sem ég hef rætt við í tengslum við sjónvarpsþættina Líf dafnar og líka í gegnum Instagram.“

### Góðu og slæmu hliðarnar

Í þáttunum fjöllum við um ýmislegt sem viðkemur fyrstu árunum í lífi barnsins. Til dæmis hvernig við lifum af þessi fyrstu tvö ár án þess að kyrkja hvort annað í keppninni um að fá að sofa. Þetta er raunverulegt vandamál. Á þessum fyrstu tveimur árum er skilnaðartíðnin há en flestir eru skilnaðirnir vegna þess að við fáum ekki að sofa og fórum nánast að hata hvort annað. Við verðum að taka okkur pláss á þessum tíma og fara vel með okkur, sérstaklega mömmurnar.“

Aðspurð segist Andrea eyða tveimur til fjórum tímum á dag í að uppfæra Instagram-síðuna og svara fylgjendum en suma daga geti það farið upp í allt að átta klukkustundir. „Nú ber ég ábyrgð á samfélagi. Kviknar er samfélag. Það hefur þó aldrei nein kona krafist svars og ég hef aldrei fengið neikvætt komment um nokkurn skapadán hlut.“

Í gegnum samskiptamiðla erum við sýnilegri hver annarri en áður og það er bæði gott og slæmt. Það er mikilvægt að segja frá því sem er erfitt jafnt og því sem er gott því við miðum okkur hver við aðra og þá sérlega ungar mömmur með fyrsta barn.“

Eins og fyrr segir er samband Andreu og Þorleifs ungt en börnin þó alls orðin átta og þau vinna saman alla daga. Hvernig ætli gangi að halda lífi í sambandinu þegar álagið er mikið? „Okkar sterka hlið er að vinna saman. Svo má ekki gleyma að það þarf samfélag til að ala upp börn, við erum einstaklega heppin að eiga góða að og við lítum svo á að við sem foreldrar, ömmur, afar, systkini, heilbrigðiskerfið, skólar og leikskólar séum í þessu saman. Þannig braggast börnin best, í ást og samvinnu.“

Ef við værum að vinna hvort í sínu lagi held ég að við gætum ekki búið til þetta flæði sem við lifum við. Við erum hvorug Excel-fólk og myndum seint vera með leikskólafötin tilbúin kvöldið á undan. Við erum ekki góð þar en á móti kemur að við erum mjög sveigjanleg. Við erum með sameiginlega framtíðarsýn sem við erum spennit fyrir. Það heldur rómantíkinni gangandi.“

Við búum til lista yfir það sem okkur langar að gera í framtíðinni eins og til dæmis er það á fimm ára planinu að búa til alþjóðlega sjónvarpsseríu um barneignarferlið, byggja okkur hús úti í sveit og sigla svo um heimsins höf á skútu. „Þannig erum við ekki bara að bugast á hamstrahjólínu, lífið er börnin, hamingjan og heimurinn í bland.“



## MÉR VAR EIGINLEGA SAMA HVORT EINHVER ÞROSKAFRÁVIK KÆMU Í LJÓS, ÞVÍ ÓVISSAN ER ÞAÐ VERSTA.

eru ekki einar um einhvers konar líðan.“

Andrea segist gæta þess að fylgjendur hennar viti að hún sé ekki sérfræðingur og segist ekki gefa ráð. „Ég fór af stað með hlaðvarp þar sem ég hef fengið inn sérfræðinga með fagleg ráð og eins leita ég til sérfræðinga í sjónvarpsþáttunum. Instagrammið er einfaldlega reynslu-söguvettvangur og snýst um losun á tilfinningum.“

### Fimmta barnið 21 mörk

Eins og fyrr segir gekk Andrea í gegnum erfiða meðgöngu og keisarafæðingu með fimmta barnið fyrir tæpu ári en eftir 42 vikna meðgöngu var ákveðið að taka barnið með keisaraskurði. „Eftir að hafa fætt fjögur börn um leg-göng þurfti ég að fara í keisara með fimmta barnið sem mér þótti sárt. En eftir á að hyggja held ég að þetta hafi verið til að ég gæti skilið konur sem fara í keisara. Líka að upplifa í fyrsta sinn erfiða meðgöngu, því án



LAUGARDAGUR 6. JÚNÍ 2020

Helgin



Iris Jensen, framkvæmdastjóri Innréttinga og tækja sést hér ásamt rósum pryddum mosaveggnum á Duck and Rose. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

ENZYMEDICA®

Á að grilla um helgina??



# Blómleg baðherbergi

Innréttingar & tæki bjóða upp á ríkulegt úrval baðinnréttinga, blöndunar- og hreinlætistækja. Iris Jensen, framkvæmdastjóri, segir bleika litinn hafa verið vinsælan undanfarna mánuði, ásamt hinum ægifögru mosaveggjum. ➔2

## Framhald af forsiðu →

Innréttingar og tæki er starfrækt í Ármúla 31 og hefur verið rekið um langt skeið. „Fyrirtækið er frá 1945. Amma mín stofnaði það sem heildverslun, en árið 1993 var því svo breytt í verslun af for-eldrum mínum,“ segir Íris en hún, ásamt eiginmanni sínum, Grétari Þór, tók yfir reksturinn árið 2014. „Við stukkum til. Maðurinn minn er enn í annarri vinnu, en hann kemur alltaf þegar hann er búinn í vinnunni og við stöndum vaktina.“

Fyrirtækið leggur mikla áherslu á persónulega og góða þjónustu. „Þetta er algjört fjölskyldufyrirtæki. Ef foreldrar mínir eru ekki á staðnum, þá eru börnin hérna. Svo bið ég bara eftir að ömmubörnin mæti á vaktina,“ segir Íris og hlær.

## Litrikt og stílhreint

Innréttingar og tæki selja vandaða sérvöru eins og baðinnréttingar, sturtuklefa, hreinlætisvörur og blöndunartæki. „Við erum í raun með allt fyrir baðherbergið, nema vegg- og gólfefni. Við viljum vera sérvöruverslun, en ekki þessi dæmigerða byggingavöruverslun. Við leggjum metnað okkar í vandaða vöru og persónulega þjónustu,“ segir Íris.

Ítalska fyrirtækið Globo er meðal þeirra framleiðenda sem eiga í samstarfi við Innréttingar og tæki. „Globo, sem var stofnað árið 1980, er svakalega flott merki. Þeir bjóða upp á mjög skemmtileg lituð salerni, sem viðskiptavinir okkar hafa rosalega mikinn áhuga á – til dæmis svört, brún og grá. Þessir litir eru dálítið öðruvísi,“ segir Íris. „Fólk finnst þetta rosalega flott. Margir koma og kaupa svart. Svo eru sumir sem staldra við, langar í salerni í lit, en enda á að kaupa matt, hvítt salerni sem er líka mjög vinsælt.“

Þá segir Íris mikla eftirvæntingu hafa ríkt eftir bleikum salernum sem eru nú loksins fáanleg. „Það nýjasta í hreinlætistækjum eru salerni og handlaugar í fallegum litum, en þau hafa verið svakalega vinsæl hjá okkur. Við höfum lengi beðið eftir að fá salerni og handlaugar í bleiku sem eru nú komin í hús, en litaúrvalið í fyrra og í ár er alveg sérstaklega skemmtilegt. Það er búið að vera mikið um svart og matt hvítt en er núna að færast yfir í bleikt.“

Einnig er mikið úrval af litríkum hreinlætistækjum frá Globo. „Fólk á öllum aldri hefur mikinn áhuga á því að breyta, til að fá hreinlætistæki í skemmtilegum lit. Hreinlætistækin frá Globo eru einstaklega smekklega og stílhrein. Ef fólk vill lifga upp á baðherbergin hjá sér eru hreinlætistækin frá Globo algjörlega málið,“ segir Íris.

## Umhverfisvænar mosaplötur

Annað sem fæst hjá Innréttingum og tækjum eru hinar geysifallegu mosaplötur frá ítalska hönnunar-fyrirtækinu Benetti Home. „Við erum nýlega byrjuð með umhverfisvænar plötur með mosa, sem eru frábærar til hljóðeinangrunar og henta vel fyrir heimili, fyrirtæki og stofnanir. Mosaplötur eru afar fallegar og til mikillar þrýði. Þær eru úr náttúrulegum mosa, laufum og umhverfisvænum efnum sem ekki þarf að hugsa mikið um. Þær má setja upp sem stóran eða lítinn gróðurvegg, eða klippa til og búa til listaverk eða lógó fyrirtækja, allt eftir því sem hver og einn vill,“ segir Íris. Plötur eru búnar til úr léttu áli og á þær er settur mosi, sem er sérstaklega ræktaður í þeim tilgangi.

Íris segir mosaplötur hafa vakið mikla athygli og þær séu vinsælar víða um heim. „Plötur eru vistvænar og það þarf lítið sem



Sturtubotnarnir eru bæði fallegir og einfaldir í uppsetningu.

Það er mikið úrval baðvaska og vaskaborða í Innréttingum og tækjum.



Sturtubotnarnir fást nú í hvorki meira né minna en fimmtán litum.

ekkert að hugsa um þær. Mosinn heldur sér vel og það þarf aðeins að úða efni á hann á nokkurra mánaða fresti ef rakinn er litill. Einfaldara getur það ekki verið. Það er hægt að sjá risastóran vegg úr mosaplötum við upplýsingaborðið í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, en hann kemur mjög vel út og eins í galleríinu hjá Ingu Elínu á Skólavörðustíg. Mosaplötur eru líka eftirsóttar til að skreyta hótél og veitingastaði, en þær setja mjög skemmtilegan svip á umhverfið,“ segir Íris.


Þá er einnig hægt að sjá mosaplötur á kaffihúsinu Duck and Rose sem var opnað á dögunum þar sem Café Paris var áður. „Strákarnir sem reka staðinn völdu

mosavegg og vildu að sjálfsögðu hafa rósir á honum, af því að staðurinn heitir náttúrulega Duck and Rose. Þannig að við förum í það að finna rósir og mosa og útkoman er æðisleg.“

Stærsti mosaveggurinn fyrir heimilið er svo að sjálfsögðu hjá leikaraparinu Gisla Erni og Ninu. Þá fæst mosinn í öllum regnbogans litum.

## Suðrænt en skandinavískt

Þrátt fyrir að fyrirtækið sé ítalskt er mosinn sjálfur skandinavískur að sögn Írisar. „Grunnurinn að þessum mosa er frá Norðurlöndum, hann kemur af trjánum og er svo klónaður í þennan náttúrulega fasa



Bleika salernið er draumi líkast. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Mosaplötur eru afar fallegar og til mikillar þrýði. Þær eru úr náttúrulegum mosa, laufum og umhverfisvænum efnum sem ekki þarf að hugsa mikið um.“

## Sturtubotnarnir vinsælir

Sturtubotnarnir eru líka vinsæl söluvara. „Þeir eru ótrúlega flottir og þunnir. Eins og ein, heil flis; þungir og massafir og eru framleiddir hjá Gala á Spáni. Það er eiginlega með ólíkindum hversu duglegir Íslendingar eru að skipta út sturtunni,“ segir Íris. „En það á sér nú eðlilegar skýringar. Það er gott að vera með baðkar þegar börn eru ung, en þegar þau eldast og fjölskyldur fara að keppast um baðherbergið á morgnana þá vilja allir fara í sturtu. Það er einfalt að henda út baðkarinu, setja stóran sturtubotn og svo gler. Þá ertu kominn með æðislega „walk-in“ sturtu með litilli fyrirhöfn,“ útskýrir Íris.

Sturtubotnarnir fást í 15 litum. „Við erum að bjóða upp á þá í fimmtán litum. Trendið í litum er að koma til baka, en núna eru það jarðlitir. Ekki pastellitir, eins og voru hér einu sinni.“

Íris segir sturtubotnana afar meðfærilega. „Það er hægt að setja þá beint á gólf, þeir eru tilbúnir með vatnshallanum. Þeir eru til dæmis mjög hentugir í timburhús og á svæði þar sem fólk er að taka út baðkar. Þú getur fengið þá sniðna í baðkarstærðinni, svo það þarf ekki að skipta um allar flisarnar á baðherberginu þegar það er verið að rífa úr baðkarið, hentugri lausn en að steypa, flísa og fúa. Þetta er einfalt í uppsetningu, það eina er kannski að þeir eru dálítið þungir.“

En það kemur ekki að sök. „Íslenskir iðnaðarmenn eru svo sterkir,“ segir Íris létt í bragði.

**H**ver kannast ekki við að verða þreyttur eftir þunga máltíð? Sumir fá líka óþægindi, uppþembu og vindverki en þetta tengist að öllum líkindum skorti á meltingarensímum. Líkaminn framleiðir sjálfur meltingarensím sem brjóta niður fæðuna en margt getur orðið til þess að hann framleiði ekki nóg.

#### Fæðuóþol eða ensimskortur?

Skortur á meltingarensímum er í daglegu tali oft nefndur fæðuóþol. Margir kannast t.d. við mjólkursykursóþol eða laktósaóþol, sem er tilkomið vegna skorts á laktasa, ensími sem brýtur niður laktósan.

„Eftir á að hyggja hefði það ekki átt að gera það. Hann er mjög pólitískur og hann vill laga íslenskt samfélag frá toppnum. Hann telur að ekkert lagist með nýrri ríkisstjórn á Alþingi.“

#### Góða yfirsýn yfir heimsmálin

„Það sem einkennir hann er að hann er mjög góður í öllum samskiptum,“ segir Arnþrúður Karlsdóttir, viðskiptalögfræðingur og útvarpsstjóri Útvarps Sögu.

Guðmundur hefur starfað fyrir stöðina í erlendum fréttum og má oft heyra þau Arnþrúði rabba saman á öldum ljósvakans.

„Eldklár, vel greindur og fljótur að setja sig inn í erfið mál og svo er hann alltaf bráðhress og skemmtilegur,“ segir hún.

„Guðmundur Franklín hefur góða yfirsýn yfir stöðu heimsmála og fylgist mjög vel með utanríkis-málum.“ Efast hún ekki um að Guðmundur yrði góður forseti, því hann viti að fullveldi þjóðarinnar sé sífellt ógnað.



ÞAD SEM EINKENNIR HANN ER AÐ HANN ER MJÖG GÓÐUR Í ÖLLUM SAMSKIPTUM

Arnþrúður Karlsdóttir útvarpsstjóri



# KRÓNAN

Fáðu töfra innblástur á [kronan.is/töfrar](http://kronan.is/töfrar)

Vingardíum ...

# CHILI SÓSA!

TÖFRABRAGÐ  
CHILISÓSA  
SNILLD Á PYLSURNAR



Bergby's sinnep, 460 g

**449** kr. stk.



Lúxus pylsur frá Stjörnugrís  
VERÐ FRÁ:

**899** kr. pk.



Fabrikku sósur, verð frá:

**459** kr. stk.



FP steiktur laukur, 200 g

**119** kr. pk.



Bara pylsur, 10 stk.

**429** kr. pk.



# Sameiginleg reynsla styrkir þær

**Anna Sigga, Hulda og Heiða** eru í hópi ellefu kvenna sem hyggjast ganga yfir þveran Vatnajökul. Þær hafa allar sigrast á krabbameini og eru sannfærðar um að sameiginleg reynsla þeirra muni hjálpa þeim í leiðangrinum.

Birna Dröfn  
Jónasdóttir  
birnadrofn@frettabladid.is



**V**íð erum þátttakendur í leiðangrinum en Sirrý vinkona okkar er hvatamanneskjan á bak við hann," segir Anna Sigríður Arnardóttir, en hún, ásamt Huldu Hjálmarasdóttur, Aðalheiði Birgisdóttur (Heiða) og átta konum til viðbótar, hyggst ganga þveran Vatnajökul til styrktar Krafti og Lifi styrktarfélagi. Leiðangurinn, sem ber nafnið Lífskraftur, tekur um tíu daga og hefst á morgun. Undirbúningur hefur staðið yfir um margra mánaða skeið.

Hugmyndina að leiðangrinum fékk Sigríður Agústsóttir, Sirrý, þegar fimm ár voru liðin frá því að henni var tjáð að hún væri með krónískt krabbamein og ætti einungis eitt til þrjú ár eftir ólifðu. „Sirrý vildi fagna þessum tímamótum og við vildum allar gláðar taka þátt, en það sem sameinar okkur þrjár í þessu verkefni er að við höfum allar fengið krabbamein," segir Anna Sigga.

Heiða, Hulda og Anna Sigga hafa allar sigrast á krabbameininu og eru sammála um að sú reynsla muni hjálpa þeim í leiðangrinum sem fram undan er. „Það að hafa upplifað svo stórt verkefni eins og það er að fá krabbamein, komast í gegnum það og kynnast því hugarfari sem því fylgir mun alveg klárlega hjálpa okkur að komast yfir jökulinn," segir Heiða.

„Það er margt líkt með því að fara í svona stóran leiðangur og vera með krabbamein, maður þarf að taka þetta dag fyrir dag," bætir hún við og Hulda og Anna Sigga taka undir. „Veikindin eru þannig að þú tekur eitt skref í einu og það sama er með jökulinn," segir Anna Sigga.

## Hálfklíkkuð hugmynd

Dagarnir í leiðangrinum einkennast af miklu skipulagi og vinnu. Morgnarnir hefjast á tveggja til þriggja tíma vinnutörn þar sem gengið er frá tjöldum og öllum búnaði, bræddur er snjór til að fylla á vatnsbirgðir dagsins og borðaður morgunmatur. Að morgunverkunum loknum er lagt af stað í um átta klukkustunda skídagöngu þar sem dregin eru um 40-50 kíló af farangri. Því næst eru settar upp búdir á nýjum stað þar sem sofði er í átta tíma í tjaldi í miklum kulda uppi á jöklinum. Daginn eftir tekur við sama rúttina að nýju.

„Þetta er náttúrulega hálfklíkkuð hugmynd," segir Anna Sigga og Heiða og Hulda skella upp úr. „Við þurfum að vera mjög vinnusamar og það er ekkert í boði að taka sér einn dag í pásu," bætir Heiða við.

„Þetta krefst auðvitað mikils undirbúnings og við höfum undirbúið okkur vel síðustu mánuði, farið í æfingafærðir og haldið fjölmarga fundi," segir Hulda en hópurinn hefur þurft að huga að ýmsu í undirbúningi, til að mynda hvernig best sé að pakka niður og hvernig auðveldast sé að taka niður tjöldin ásamt því að huga vel að andlegum undirbúningi.

„Fyrir mig held ég að andlegi undirbúningurinn sé mikilvægastur. Það að geta haldið áfram á degi fimm eða átta. Vaknað einn dag í viðbót, skriðið úr svefnpokanum, brætt snjó og haldið aftur af stað," segir Hulda.

„Ég held að þessi reynsla sem við deilum, að hafa sigrast á krabbameini, geri flesta sterkari andlega



Heiða, Anna Sigga og Hulda hafa allar sigrast á krabbameini. Þær deila sameiginlegum reynsluheimi sem mun hjálpa þeim í göngunni yfir þveran Vatnajökul á gönguskiðum til styrktar Krafti og Lifi styrktarfélagi. Leiðangurinn hefst á morgun og mun taka um það bil tíu sólarhringa. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

og við búum að því," segir Heiða.

„Það sem sameinar okkur er líka það að við erum allar svo þakklátar fyrir það að hafa heilsu til þess að gera hluti eins og þessa og þá er svo mikil synd að gera þá ekki. Við vitum að við getum gert alls konar sem að við höldum að við gætum ekki," bætir Anna Sigga við og tekur dæmi um æfingaleiðangur sem farinn var í vetur.

„Þá var appelsínugul viðvörðun og brjáláð veður en þrátt fyrir það gekk allt vel og við vorum úti heila helgi í brjáluðu veðri en varð aldrei kalt," segir hún.

„Búnaðurinn skiptir auðvitað mjög miklu máli og það að klæða sig rétt. Að vera með góðan svefnpoka, dýnur og föt," segir Heiða og Anna Sigga og Hulda taka undir. Þá eru þær allar sammála um að leiðangurinn hefði ekki geta orðið að veruleika ef ekki væri fyrir góða bakhtarla verkefnisins.

„Þetta er að sjálfsögðu mjög kostnaðarsamt verkefni og fjöldi fólks og fyrirtækja sem hafa gefið okkur búnað, tíma sinn og vinnu til að þetta geti orðið að veruleika og fyrir það erum við ævarandi þakklátar," segir Anna Sigga.

## Fyrirmyndir mikilvægar

Heiða, Hulda og Anna Sigga voru allar ungar þegar þær greindust með krabbamein. Hulda einungis fimmtán ára, Anna Sigga 38 ára og Heiða 43 ára. Þær eru allar sammála um að fyrirmyndir hafi verið þeim afar mikilvægar í veikindunum. „Sirrý hefur verið mér mikill innblástur, það að láta ekki veikindi sín stoppa sig í því að lifa lífinu og labba á fjöll, sækja sinn lífskraft þangað. Það er svo frábært að hafa svona fyrirmynd, ekki bara fyrir mig heldur fyrir alla sem lenda í því að fá lífsógnandi sjúkdóm eða lenda á einhverjum hindrunum í lífinu," segir Hulda.

„Þegar maður er sjálfur í þessum



Stelpurnar þurfa að draga um 40-50 kíló af farangri yfir þveran jökulinn. MYND/ AÐSEND

vel fyrir sterkri orkunni á milli þeirra þriggja.

## Frekar spenntar en stressaðar

Leiðin sem Heiða, Hulda og Anna Sigga munu ganga ásamt konunum átta er talin ein mesta þrekraunin í útivist á Íslandi. Gengin verður um 150 kílómetra leið frá Jökulheimum þvert yfir Vatnajökul í austurátt að Eyjabakkajökli. Þrátt fyrir að þær viti að gangan verði erfð segjast þær ekki stressaðar yfir leiðangrinum, frekar spenntar.

„Ég er aðallega stressuð yfir því að vera ekki með nógu mikið af hælsláplástri. Þú reddar ekkert einhverju uppi á jökli, þú verður bara að vera með allt," segir Heiða hlajandi. Anna Sigga og Hulda eru sammála því að mesta stressið felist í því að pakka rétt.

„Ég er bara að reyna að vera sjúklega skipulögð svo ég gleymi engu en á sama tíma reynir maður að pakka sem léttast, það er nóg að draga," segir Hulda, og Heiða og Anna Sigga taka undir.

Þær segjast vera í góðum hópi kvenna og að innan hópsins ríki mikil samstaða. „Hópurinn er bara jafn sterkur og veikasti hlekkurinn og því er engin keppni innan hans, við hjálpumst bara að, erum samferða og stöð og stytta hver fyrir aðra," segir Anna Sigga og Hulda bætir við að ákveðin dýnamík ríki innan hópsins.

„Það eru allir sterkir á ákveðnum sviðum, sumir útsjónarsamir og þolinmóðir en aðrir ótrúlega góðir á skíðum eða að moka," segir Hulda, og Heiða og Anna Sigga skella upp úr. „Það eru sem sagt við sem erum svakalegar í því að moka, báðar svona frekar ofvirkar týpur," segir Heiða.

Hægt er að styrkja verkefnið með því að leggja inn á reikning Lífskrafts. Nánari upplýsingar um fyrirkomulagið má finna á [frettabladid.is](http://frettabladid.is).



## ÞAÐ ER MARGT LÍKT MEÐ

### ÞVÍ AÐ FARA Í SVONA

### STÓRAN LEIÐANGUR OG AÐ

### VERA MEÐ KRABBAMEIN,

### MAÐUR ÞARF AÐ TAKA

### ÞETTA DAG FYRIR DAG.

sporun, að vera veikur, skiptir svo miklu máli að sjá manneskju sem er komin út úr þessum aðstæðum og byrjuð að lifa aftur. Þegar ég var í þessum aðstæðum man ég hvað það skipti mig miklu máli að sjá ungt fólk sem var komið aftur í skólann til dæmis og komið aftur með hár, þá fann ég einhverja von og fannst ég geta komist í gegnum þetta," bætir hún við.

„Ég er sammála þessu," segir Anna Sigga. „Þegar ég var veik skipti það mig miklu máli að hafa fyrirmyndir sem sýndu mér að það væri von. Það að sjá einhvern sem hefur verið veikur og risið upp gefur manni ótrúlegan kraft," segir Anna Sigga. „Vonin er bara sterkasta aflið í þessum aðstæðum," segir Heiða.

Þá eru þær einnig sammála um að vináttu þeirra gefi þeim mikinn styrk. „Það er ótrúlega dýrmætt að finna einhvern sem skilur reynsluheim manns og þekkir tilfinningarnar sem maður er að upplifa," segir Hulda og blaðamaður finnur

ego dekor

Ego Dekor - Bæjarlind 12 - www.egodekor.is - S: 544 4420

Opið mán - fös: 11.00 - 18.00. Lau: 11.00 - 16.00

ÚTSALAN ER HAFIN

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR



DICE 4RA SÆTA LEÐURSÓFI  
Breidd: 303cm – SKEMILL SELDUR SÉR  
Verð: 298.000,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 238.400,-



DAKOTA LEÐURTUNGUSÓFI  
Stærð: 281X168cm – stillanlegir höfuðpúðar  
Verð: 359.000,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 287.200,-



SEAL TUNGUSÓFI  
Stærð: 278X175cm  
Verð: 235.000,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 199.750,-



SIDNEY TV SKENKUR  
Breidd: 197cm  
Verð: 138.000,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 110.400,-



CLARK STÓLL  
Verð: 16.900,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 11.830,-



MILO STÓLL  
Verð: 17.900,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 13.425,-



BENITO STÓLL  
Verð: 24.500,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 19.600,-



HRINGBORD – svartur askur  
Stærð: 140X140cm  
Verð: 158.000,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 134.300,-



REFLEX TV SKENKUR  
Breidd: 160cm  
Verð: 118.000,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 94.400,-



URBAN SÓFABORD  
Stærð: 60X60cm  
Verð: 29.900,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 14.950,-



# TÍMAMÓT

## Merkisatburðir

**1523** Gústaf Vasa er kosinn konungur Svíþjóðar.  
**1584** Guðbrandsbiblía er gefin út á Hólum.  
**1644** Mansjúríumenn hertaka Peking.  
**1654** Karl 10. Gústaf tekur við embætti Svíakonungs.  
**1859** Nýlendan Queensland er stofnuð í Ástralíu.  
**1915** Íþróttafélagið Þór er stofnað á Akureyri.  
**1925** Walter Percy Chrysler stofnar bílafyrirtækið Chrysler.  
**1933** Fyrsta bílabíóið er opnað í New Jersey í Bandaríkjunum.  
**1946** NBA-deildin í körfubolta er stofnuð.  
**1982** Ísrael gerir innrás í Líbanon.



Minningarkort á [hjartaheill.is](http://hjartaheill.is)

eða í síma 552 5744

## Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar

Stofnað 1990

Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi



Sími · 567 9110 · [utfarir@utfarir.is](mailto:utfarir@utfarir.is) · [www.utfarir.is](http://www.utfarir.is)

## ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Kristín Ingólfssdóttir



Sverrir Einarsson



Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 · [www.utorin.is](http://www.utorin.is)  
 Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

## ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a · [www.utfararstofa.is](http://www.utfararstofa.is) · Símar: 565 5892 & 896 8242



Við erum til staðar þegar þú þarft á okkur að halda

Lára Árnadóttir, umsjón útfara



## Útfararþjónusta & lögræðisþjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

Með kærleik og virðingu

Útfararstofa Kirkjugarðanna

Vesturhlíð 2, Fossvogi | Sími 551 1266 | [utfor.is](http://utfor.is)

# Aukið andrými á afmæli Listahátíðar í Reykjavík

Listahátíð í Reykjavík hefst í dag. Hátíðin, sem fagnar 50 ára afmæli, verður með öðru sniði en venjulega og mun teygja sig út allt árið. Listrænn stjórnandi hátíðarinnar segir að breyttum kringumstæðum fylgi áskoranir, en jafnramt ýmsir óvæntir kostir.

Við tókum ákvörðunina nokkuð snemma um að aflýsa ekki hátíðinni og tilkynna dagskrána. Okkur fannst sú ákvörðun ekki djörf þá, en hún virkaði djarfari eftir því sem leið á vorið," segir Vigdís Jakobsdóttir listrænn stjórnandi Listahátíðar í Reykjavík 2020, sem hefst í dag.

Hátíðin hefur venjulega staðið yfir í um þrjár vikur en mun að þessu sinni teygja sig út árið. „Það syrti aðeins í álinn eftir því sem leið á og við förum að velta fyrir okkur hvort þetta hefði nú verið skynsamlegt," segir Vigdís. „Svo núna er aftur farið að birta til og okkur sýnist þetta allt eiga að geta gengið.“



Vegna þess að opunarhelgin verður ekki jafn stór fær hver atburður meira svigrúm til að njóta sín.

Vigdís segir að þrátt fyrir að breyttar kringumstæður geti verið erfiðar, þá felist einnig í þeim vissir kostir. „Það skapast aukið andrými í kringum viðburðina. Vegna þess að opunarhelgin verður ekki jafn stór í sniðum og hún hefði verið, þá fær hver atburður meira svigrúm til að njóta sín.“ Þá séu einnig vissir atburðir sem henti betur á mismunandi árstímum. „Wagner óperan sem átti að vera núna í upptaktinum fyrir hátíðina færast yfir til vetrar, og það hentar henni kannski bara betur.“

COVID-faraldurinn sjálfur hefur líka sett annan blæ á vissa viðburði. „Þetta breytir rosalega hvernig maður les í hlutina og hvernig listafólk hugsar," segir Vigdís og nefnir sem dæmi verkið Innsetningu sem verður opnað í IÐNÓ í dag. „Listamennirnir voru búnir að móta hugmyndina að þessu löngu fyrir COVID, en verkið hefur tekið á sig aðra mynd vegna faraldursins.“


Í dag verða þrjár sýningar á hátíðinni opnaðar. Þær eru ljósmyndasýningin Vitni eftir Christopher Lund í Ljósmyndasafni Reykjavíkur, Innsetningu í IÐNÓ og fyrri hluti samsýningarinnar Common Ground í SÍM-salnum, Hafnarstræti 16. Næstu viðburðir hátíðarinnar verða svo síðar í júní, og geta áhugasamir kynnt sér dagskrána á heimasíðu Listahátíðarinnar, [www.listahatid.is](http://www.listahatid.is). [arnartomas@frettabladid.is](mailto:arnartomas@frettabladid.is)



Hvað er hér á seyði? Baldur Helgi Snorrason er listamaðurinn sem sést hér gægjast inn í Sérstæðu, innsetningu sem verður opnuð í Iðnó í dag.



Christopher Lund beinir athygli að ferðamanninum í sýningunni Vitni.



Vigdís Jakobsdóttir, listrænn stjórnandi Listahátíðar í Reykjavík.



Þessi hárbúskur er hluti af sýningunni Com'on sem er fyrsti hluti sýningarinnar Common Ground.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Gissur Þór Sigurðsson**

húsasmiðameistari,  
Fífusundi 1, Hvammstanga,

lést 1. júní á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Hvammstanga.

Útförin verður auglýst síðar.

Guðrún Valgerður Árnadóttir

Lukka S. Gissurardóttir

Ragna Gissurardóttir Larsen

Sunneva Gissurardóttir

Sigurros Gissurardóttir

Árni Jón Gissurason

Porkell Helgason

Kristján R. Larsen

Arnpór Stefánsson

Laufey Þórðardóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær faðir, afi, bróðir, frændi og vinur okkar,

**Friðmar Pétursson**

frá Gili, Faskrúðsfirði,  
sem lést 9. apríl sl.

verður jarðsunninn frá Grafarvogskirkju, 12. júní kl. 13.00.

Una Sjöfn, Sindri Þór, Hjördís Lilja

Anna Þóra Pétursdóttir Björgvin Baldursson

Jóhannes Marteinn Pétursson

Sigurður Ágúst Pétursson Fjóla Sesselja Þorsteinsdóttir

Pétur Einar Pétursson

Herdís Pétursdóttir

Haraldur Leó Pétursson

Kristmann E. Kristmannsson

Michaela Schinnerl

fjölskyldur og Hildur Ársælsdóttir.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,  
**Sigurður E. R. Lyngdal**  
kennari,  
Aðallandi 1,

lést á Landspítalanum miðvikudaginn 3. júní.

Útförin fer fram frá Bústaðakirkju, föstudaginn 12. júní, klukkan 13. Streymt verður frá athöfninni: <https://www.facebook.com/groups/Sigurdurlyngdal/>

**Magnea Antonsdóttir**

Reynir Lyngdal

Anton Lyngdal

Kristín Yr Lyngdal

Una Margrét Lyngdal, Magnea Lyngdal og Klara Lyngdal.

**Elma Lísa Gunnarsdóttir**

**Kjartan Traustason**



Ástkær sambýlismaður minn, faðir, sonur og bróðir,  
**Jóhann Magnússon**  
Litlakrika 1,  
Mosfellsbæ,

lést sunnudaginn 31. maí.

Útför fer fram þriðjudaginn 16. júní, kl. 15.00 frá Grafarvogskirkju.

**Anna Lilja Marteinsdóttir**

**Arnar Jóhannsson**

**Adam Ágúst Jóhannsson**

**Birnir Kári Jóhannsson**

**Magnús Þorgeirsson**

**Valdis Magnúsdóttir**

**Þórdís Magnúsdóttir**

**Elvar Magnússon**

**Alexandra Ivalu Einarsdóttir**

**Ellý Björnsdóttir**

**Jóhann Alfreð Kristinsson**

**Klara Óðinsdóttir**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,  
**Halldóra Björnsdóttir**  
(Dolly),  
frá Akranesi,

lést á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu, Hafnarfirði, 30. maí. Útför fer fram frá

Garðakirkju miðvikudaginn 10. júní, kl. 13.00. Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki Ölduhaus á Hrafnistu fyrir góða umönnun og hlýhug. Þeim sem vildu minnst hennar er bent á Minningarsjóð Hrafnistu.

**Halldóra Rannveig Þórðardóttir**

**Björn Þórðarson**

**Óskar Þórðarson**

**Þórður Þórðarson**

**Guðbjörg Þórðardóttir**

**Rósa Jónsdóttir**  
**Oddbergur Sveinsson**  
barnabörn og barnabarnabörn.



Okkar elskulega

**Helga Friða Hauksdóttir**

lést á Landspítalanum 29. maí. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju, mánudaginn 8. júní, kl. 11.

**Ástvinir.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,  
**Guðmundur Ingólfsson**  
húsgagnabólstrari,  
Dofraborgum 44, Reykjavík,

lést á líknardeildinni í Kópavogi í faðmi fjölskyldunnar, laugardaginn 30. maí.

Útför fer fram þriðjudaginn 9. júní frá Grafarvogskirkju, klukkan 13.

**Kristín Júlíusdóttir**

**Ingólfur Guðmundsson**

**Júlíus Ágúst Guðmundsson**

**Nína María Reynisdóttir**

**Jóhanna Jóna**

**Gunnlaugsdóttir**

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær sambýlismaður minn, fósturfaðir okkar, bróðir og frændi,  
**Einar Haukur Einarsson**  
Snægili 3b,  
Akureyri,

varð bráðkvaddur miðvikudaginn 3. júní. Hann verður jarðsunginn í kyrrþey, en þeim sem vilja minnst hans er bent á Hjartavernd.

**Mekkin Kjartansdóttir, börn og barnabarn.**

**Steinninn Einarsdóttir og Valberg Kristjánsson**

**Þórey Einarsdóttir og Guðjón Rúnar Guðjónsson**

**Heiðís, Einar, Diana, Kristján, Dagný Hulda, Silja,**

**makar og börn.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,  
**Ingibjörg S. Karlsdóttir**

lést sunnudaginn 22. mars

á Hrafnistu, Reykjavík.

Minningarathöfn fer fram í Fossvogskirkju, 11. júní, kl. 15.

Blóm vinsamlegast afþökkuð, en þeim sem vilja minnst hennar er bent á stuðning við Friðuhús og Alzheimer-samtökin.

**Karl Jónsson**

**Þóra Kristín Jónsdóttir**

**Kristján Jónsson**

**Guðrún H. Aðalsteinsdóttir**

**Grétar Viðar Grétarsson**

**Diljá Þórhallsdóttir**

barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,  
**Ásta Arnórsdóttir**  
aður til heimilis að Hlíðarbraut 9,  
Hafnarfirði,

lést á Hrafnistu 2. júní sl.

Útför hennar fer fram frá

Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 8. júní kl. 13.00. Innilegar þakkir færum við starfsfólki Ölduhaus, Hrafnistu, fyrir góða umönnun.

**Árný Skúladóttir**

**Sólveig A. Skúladóttir**

**Arnór Skúlason**

**Skúli Skúlason**

**Fríðrik Guðlaugsson**

**Margrjet Þórðardóttir**

**Katrín Guðbjartsdóttir**

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, sonur, faðir, tengdafaðir, stjúfaðir, afi og langafi,  
**Grétar Guðmundsson**  
taugalæknir,

andaðist á Landspítalanum þann 27. maí sl.

Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir fær starfsfólki á deild 12-E fyrir einstaka umönnun og hlýju.

**Þuríður Rúrí Jónsdóttir**

**Marta Sæmundsdóttir**

**Árdís Grétarsdóttir**

**Áslaug Salka Grétarsdóttir**

**Tinna Grétarsdóttir**

**Arngunnur Yr Gylfadóttir**

**Bryndís Halla Gylfadóttir**

**Baldur Gylfason**

**Yrsa Þóll Gylfadóttir**

**Guðjón Sigurður Arinbjörnsson**

**Júlíus Fjeldsted**

**Einar G. Kvaran**

**Larry Andrews**

**Þórður Magnússon**

**Gunnar Theódór Eggertsson**

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,  
**Jón Jóhann Vigfússon**  
vélfræðingur,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands föstudaginn 29. maí.

Útför fer fram frá Grafarvogskirkju, miðvikudaginn 10. júní, kl. 13.00.

**Steinn Kristín Jónsdóttir**

**Ingi Þór Jónsson**

**Sigurður Jakob Halldórsson**

**Dalla Rannveig Jónsdóttir**

afabörn og langafabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,  
**Vigdís Ragnheiður Viggósdóttir**  
Katrínarlind 6,

lést á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu við Sléttuveg, laugardaginn 23. maí síðastliðinn. Útför fer fram frá Seljakirkju, mánudaginn 8. júní, klukkan 15.00.

**Finnbogi Guðmundsson**

**Kristín Finnbogadóttir**

**Skúli Finnbogason**

**Rafn Finnbogason**

**Guðrún Finnbogadóttir**

**Guðrún Hildur Pétursdóttir**  
**Hörður Þórarinn Magnússon**  
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

**Kristinn Magnússon**

**Guðrún Hildur Pétursdóttir**

**Hörður Þórarinn Magnússon**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,  
**Ásta Kristinsdóttir**  
Ástjörn 7,  
Selfossi,

lést á Fossheimum, Selfossi, 30. maí og verður jarðsungin frá Selfoskirkju miðvikudaginn 10. júní, klukkan 14.00.

**Sigurður Ingvar Grimsson, Kristinn Ómar Grimsson, Sveinn Grimsson og fjölskyldur.**



Eiginmaður minn elskulegur og vinur,  
**Geir Torfason**

Melabraut 50, Seltjarnarnesi,

sem lést 26. mars 2020, verður

jarðsunginn frá Dómkirkjunni,

fimmtudaginn 11. júní 2020, kl. 13.00.

**Ingvaldur Ingólfssdóttir og fjölskylda.**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,  
**Guðrún Ólafsdóttir**  
Hjallagötu 4, Sandgerði,

lést á Landspítalanum v/Fossvog, laugardaginn 30. maí.

Útförin fer fram frá Sandgerðiskirkju, þriðjudaginn 16. júní kl. 13.

**Guðmundur Þórðarson**

**Pálmar Guðmundsson**

**Smári Guðmundsson**

**Fríða Dís Guðmundsdóttir**

**Særún Lea Guðmundsdóttir**

**Kamilla Guðmundsdóttir**

**Þorsteinn Árnason Surmeli**

**Guðjón Örn Sigurðsson**

og ömmubörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,  
**Hulda Jónsdóttir**  
frá Seljanesi,  
Austurbrún 39, Reykjavík,

sem lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi, sunnudaginn 24. maí sl., verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju, þriðjudaginn 9. júní, kl. 13.

**Bragi Kristinsson**

**Margrét Traustadóttir**

**Magnús Traustason**


**Vilborg Traustadóttir**

**Jón Trausti Traustason**


tengdabörn og ömmubörn.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is) eða hringja í síma 550 5055.

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR




## Lausnarorð síðustu viku var SKJÁLFTAVIRKNI



**LAUSNARORD** Ef bókstöfunum í lituðu reitunum er raðað rétt saman birtist grjót sem enginn vill upplífa. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 11. júní næstkomandi á [krossgata@frettabladid.is](mailto:krossgata@frettabladid.is) merkt „6. júní“.

\_\_\_\_\_



FORLAGIÐ

### VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Fórnlamb 2117** eftir **Adler Olsen** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Gunnar Þór Jóhannesson, Selfossi**.

Á Facebook-síðunni **Krossgatan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

### LÁRÉTT

- 1 Hörkukarl heimtar virkjun (12)
- 11 Neyttir þú fæðu brúða þinna og kærasta? (9)
- 12 Hvarf þá allt mitt þel í hús það er fótstykkið bar (10)
- 13 Ég útnefni þennan snigil herra hafsins! (11)
- 14 Þá að heimtauginni sem snýr að Dröfn (10)
- 15 Best að láta þessa aula fá seðlana svo þeir gleymi þeim ekki (11)
- 16 Þessi gæðingur er afkvæmi norrænna og arabískra foreldra (10)

- 17 Út með mastrið fyrst og fremst! (11)
- 18 Þau voru heit út í Karl riddara (8)
- 21 Klæða neyðina í kjölfót en tekst þó ekki að fela nektina (12)
- 23 Kjaftæði um minni kirnu undir kex (9)
- 25 Ýtulásar valda sundrunu meðal gaulandi grasa (8)
- 28 Framliðin hafa jafnan fylgt fólki sem er að drepast úr leiðindum (9)
- 31 Þau sem grimm eru sjást vel en hin síður (12)
- 32 Við fylgdum Lappa hvert

- fótmál (9)
- 33 Ég man volkið og uppnámið sem eimsmyrlið olli (9)
- 34 Æ, ég þoli hvorki strákinn né fúlmennið föður hans (9)
- 35 Hér dvöldu þau löngum og vöfðu vindlinga (4)
- 36 Varla fæddur og strax dottinn í höfuðrit Helga Pje (7)
- 37 Gengu börn um bjarkalund/bjartan, hlýjan, næstum nýjan (7)
- 38 Leita margra reiðra rugludalla (6)
- 39 Oft leynist brot í auðnu hinna stökku (9)

### LÓDRÉTT

- 1 Höldum kosningar og ég borga brúsann – góður dill? (9)
- 2 Herða tók með vinnu umfram skyldu (9)
- 3 Ekki nógu hátt mál fyrir svona stórbokka (9)
- 4 Ókyrr og umbúðalaus í engu (9)
- 5 Þessi snúningspilla hjálpar við excel-útdráttinn (10)
- 6 Svona rennilegur sjöfugl kann að meta hressilegt hafkul (10)
- 7 Hann er síbrotamaður – í bili (12)

- 8 Allir sem einn gefa smáræði í græn svæði Breiðholts (12)
- 9 Skrifaði Nesbø bók þar sem aðalpersónan heitir Snæfinnur? (12)
- 10 Síðstertarnir sjönurum í/ synda allan daginn/leggist þeir í ljóðeri/lengri enda setja þeir á braginn (12)
- 19 Sérstök íhugar kóf og snúinn þráð fyrir lokaða ráðstefnuna (12)
- 20 Stórkostleg mildi eða svi-virðilegt stærilæti? Eða hvort tveggja? (12)
- 21 Hraði yrkisefnið úrvinnslu

- nýjustu gagna nýtist það í tölvuvinnslu (11)
- 22 Mér skilst að þessi klípa tengist þvotti (9)
- 24 Já þetta hljómar svipað, en ég er að tala um runna, ekki norska svikara (10)
- 26 Sveit og torg – hvort er erfitt að beygja og brengla? (9)
- 27 Ég hef enn mitt mannorð, þrátt fyrir eina yfirsjón (9)
- 29 Atvinnutækifæri fyrir fólk sem temur sér réttar starfsaðferðir (8)
- 30 Dýrasjúkdóma má rekja til mýsa og maura (8)

### LÉTT

		2	4		1		6
		7		3	8	9	5
		5		7			
			9		5		
8	9		6		2	1	
				4	3		7
6	4		5		8		
7		1			6	4	
3	8						

### MIDLUNGS

		6		4	7			8
	1							9
8				1	2			3
4	8			3		5		
		2	4					
3	9		2		8	7		
		1		8				6
5	7		6					
6				2	3			

### ÞUNG

			4			9		
3	4	5			6		8	
6	7				2			
				5		3		
		6	2	3			4	
9	1				8		2	
			8			1		
		6	1					
8				3			7	

9	6	3	7	4	8	2	1	5
7	8	2	5	9	1	6	3	4
5	1	4	6	2	3	7	8	9
4	7	1	8	6	2	5	9	3
2	5	8	9	3	7	4	6	1
3	9	6	1	5	4	8	2	7
6	3	7	2	1	5	9	4	8
8	4	9	3	7	6	1	5	2
1	2	5	4	8	9	3	7	6

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

### Skák Gunnar Björnsson

#### Svartur á leik



Weingold átti leik gegn Tunik í Lviv árið 1984.

1...Hxd4! 2. Dxd4 He1+ 3. Kf2 Dxd4+ 4. Hxd4 Hxa1 0-1. Í dag kveður Hrókurinn eftir 22 ára starf. Firmakeppni SSON fer fram á Hótel Selfossi á morgun. Ísland tekur þátt í óformlegri landskeppni sem fram fer á Chess.com. Núg um að vera um helgina!

[www.skak.is](http://www.skak.is): Nýjustu skákfréttir.

### Bridge Ísak Örn Sigurðsson

#### TVÖFÖLD SVEIFLA

Þrjú sterk íslensk pör tóku þátt í sterku sveitakeppnis móti dagana 1.-5. Júní. Mótið var spilað á netinu í tveimur 8 sveita riðlum og margir af sterkustu spilurum heims voru í þeim sveitum. Mótið bar nafnið „2nd OCBL Open Teams“. Sveit Íslands var þannig skipuð: Jón Baldursson-Sigurbjörn Haraldsson, Bjarni Einarsson-Aðalsteinn Jörgensen, Ómar Olgeirsson-Stefán Jóhannsson og Sveinn Rúnar Eiríksson-Jakob Kristinsson. Íslensku sveitinni gekk ágætlega í byrjun en í fjórðu umferð

mætti sveitin Blass-sveitinni þar sem sveit Blass steig ekki feilspor og vann stórsigur 52-2, eða 19,16-0,84 í vinningstigum. Sveit Blass var skipuð mjög sterkum spilurum, Pszcsola („sem yfirleitt er kallaður Pepsi“), Kalita, Nyström, Lesniewski, Nowasadzki og Upmark. Þegar þessi orð eru skrifuð, var Blass í forystu í A-riðlinum með 91,74 stig eftir 6 umferðir og annað sætið með 72,49 stig. Ísland tapaði 14 impum á þessu spili í leiknum. Vestur var gjafari og enginn á hættu:

<p><b>Norður</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>♠ 8</li> <li>♥ Á107542</li> <li>♦ Á932</li> <li>♣ K10</li> </ul>	<p><b>Vestur</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>♠ D109742</li> <li>♥ K8</li> <li>♦ 86</li> <li>♣ D97</li> </ul>	<p><b>Austur</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>♠ ÁK5</li> <li>♥ DG963</li> <li>♦ 7</li> <li>♣ Á643</li> </ul>
<p><b>Suður</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>♠ G63</li> <li>♥ -</li> <li>♦ KDG1054</li> <li>♣ G852</li> </ul>		

Nyström í vestur vakti á veikum tveimur spöðum, í lokuðum sal. Aðalsteinn í norður sagði 3♥ og Upmark, í austur, lauk sögnum með því að stökkva í 4♠. Í opna salnum vakti Ómar, í vestur, á „multi“ sögninni 2♦, sem yfirleitt sýndi veika tvo í öðrum hvorum hálitanna. Nowasadzki í norður sagði tvö hjörtu, Stefán í austur doblaði og Kalita, í suður, sagði 3♦. Ómar pass og Nowasadzki stökk í fimm tígla sem Stefán doblaði. Báðir samningar stóðu slétt og sveit Blass fékk tvöfalt „geimsving“.

Komdu  
í sólina!

Verð á mann  
frá 125.000 kr.

# ELDRI BORGARAR!

Vikulegar ferðir til Costa Blanca frá  
2. október til 14. nóvember 2020\*

Gisting í glæsilegum íbúðum á Torrevieja  
þar sem fyrsta flokks aðbúnaður er í boði.

Ferðaskrifstofa eldri borgara gengst í samstarfi við Spánarheimili fyrir vikulegum ferðum til Costa Blanca, frá 2. október til 14. nóvember. Flogið verður í beinu flugi til Alicante og dvalið í glæsilegum þriggja herbergja íbúðum við Torrevieja sem staðsettar eru mjög miðsvæðis, eða við hlið Zenia Boulevard verslunarmiðstöðvarinnar í La Zenia hverfinu. Hægt verður að bóka eina viku í senn eða fleiri og allt að fjórir geta deilt íbúð saman.

Allar íbúðir eru á jarðhæð með fullbúnu eldhúsi, sjónvarpi, interneti, tveimur svefnherbergjum, tveimur baðherbergjum og þvottahúsi með þvottavél og þurrkara. Sérinngangur er í allar íbúðir og verönd beint út frá stofu með stólum og sólbekkjum.

Sameiginlegur afgirtur garður liggur að öllum íbúðum, ásamt sameiginlegri sundlaug sem stendur gestum til boða. Boðið er upp á skoðunarferð til Cartagena í samstarfi við Íslendingafélagið á Costa Blanca, en innifalin í verðinu er ein ferð á mann.

Umsjónarmaður ferðanna er Gísli Jafetsson og tekur hann á mótí hópum á flugvellinum og verður innan handar meðan á dvöl stendur. Setrið, samkomustaður Íslendingafélagsins, verður opið ferðalöngum en þar er dagskrá nánast alla daga vikunnar.

Peir sem vilja fara í golf geta valið úr fjölda valla skammt frá og aldrei í meira en 10 mín. akstursfjarlægð. Hægt er að ferðast með golfsett gegn aukagjaldi, en einnig er hægt að leigja sér golfsett á hagstæðu verði.



\* Allar brottfarir eru háðar núverandi flugáætlun sem kann að breytast.

Allar nánari upplýsingar á

 **HOTELBOKANIR.IS**

 **FERÐASKRIFSTOFA  
ELDRI BORGARA**

Niko ehf | sími: 783-9300 - 783-9301 | Email: hotel@hotelbokanir.is | Kt. 590110-1750



## KRAKKAR

# Konráð <sup>406</sup> og félagar á ferð og flugi

„Hér er sko alvöru stafasúpa Róbert,“ sagði Lísaloppa. „Þetta er orðarugl og við eigum að finna orðin sem eru falin í gátunni. En við þurfum að passa okkur,“ bætti hún við íbygginn. „Því orðin geta líka verið skrifuð lóðrétt, nú eða á ská.“ Róbert horfði á orðaruglið drygklanga stund. „Og hvaða orð á ég að finna?“ spurði hann vonleysislega og bætti við. „Þetta er bara hrærigrautur af stöfum?“ „Það eru falin níu orð tengd sumri í gátunni,“

K Ð Í N L Ú R É S M L Ú N X F V K A L B H  
Í Í D N Á Í M N G U Y B Ó M É M J F Á X P  
V Y K U G T Ð O H Á M Ý Í H A E O V Í Á Ð  
G Ú P Í D T I B E D I A É U É Ó Y J D P N  
K U D N B N U E Y Í R F R T D U F V J F Í  
E N I L L D I J S I F I Ó N Ð L H D R P I  
Ð O A O S V S L K K Y Í É M Æ Í A R Á S S  
F G O L U Y G Ó A S Ý S Ó L V T Á B Ý L Ð  
U K Í E A Ó N E P Í Í U P T Ð Ó U P R X Ó  
L Ð Ó D U R Ó P U L Ý Ð S Ó H N U R N P E  
Ú Í H Ð G H A U R U Ý G J D L Ó A Á O E Á  
S P H É Á J S P F T F A R F U G L A R Á Ú  
Á Ð T A U B X P O A G K Ð P V P Ú G G É U  
P G B M A N K Ý J R H M X G S F H J X É E  
Ð Ó Ý É K B Y R I G N I N G K P U G D S V  
Á E F Y I L D Ó B A L J G I B A G H R P Y  
A I L I Ó J M L X O T S I É P A B Ð P H P  
M E U É Ý Ó F Á T A Y N B V D S D T Ð H F  
Ð I G X L K B R X É P K K Í H Ý O G K É R  
V I U B F E R Ð A L A G O O B Ú E M L X Í  
Ð Ð R I Á Á Á L F É T M R N X X V G N Ó G

sagði Lísaloppa. „Hvaða orð eru það, það eru til óteljandi orð tengd sumri á íslensku,“ sagði Róbert og var við það að gefast upp áður en þau voru einu sinni byrjuð að leita. „Orðin sem við eigum að finna eru: *býflugur, sól, heyskapur, fri, ferðalag, farfluglar, sumarnætur og blóm,*“ sagði Lísaloppa.

„En þetta eru bara átta orð, þú sagðir að við ættum að finna níu orð?“ Róbert varð æ ringlaðri á þessu stafarugli. „Já,“ sagði Lísaloppa. „Það er eitt leyniorð og við þurfum að finna hvaða orð það er.“ Róbert horfði vonleysislega á orðaruglið. „Allt í lagi, förum að leita.“



Getur þú fundið þessi níu orð og hvert skildi leyniorðið vera?

## Fugl dagsins

### Lóa – vorboðinn ljúfi

Heiðlóan er oftast bara kölluð lóa. Hún kemur hingað til lands í lok mars eða byrjun apríl. Þá hefur hún flogið alla leið frá Vestur-Evrópu þar sem hún býr á veturna.

Hér á landi er komu lóunnar fagnað sem merki þess að vorið og sumarið nálgast. Hún er orðin tákn fyrir vorið og oft kölluð vorboðinn.

Kvenkyns og karlkyns lóur eru nánast eins að lit; Dökk með gulum dílum að ofan en svört að neðan og á vöngum. Á milli þess er breið hvít s-laga rönd.

Hvað étur lóan?

Lóa étur aðallega skordýr: ána-maðka, mýflugur, áttfætlur, skor-dýralirfur og snigla, en á sumrin étur hún líka ber.

Lóan er alfríðuð á Íslandi sem þýðir að það má aldrei veiða hana.

Lóan verpir í seinnihluta maí og oftast eru eggin fjögur. Hún býr ekki til stórt hreiður heldur bara laut úr grasstráum og laufblöðum í grasi eða móa.

Mamman og pabbinn skiptast á að liggja á eggjunum í um það



Komu lóunnar er fagnað hér á landi enda talin vera til marks um að vorið og sumarið nálgast og því er hún oft kölluð vorboðinn ljúfi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

» LÓAN FLÝGUR HRATT OG HLEYPUR LÍKA HRATT ÞEGAR HÚN ER NIÐRI Á JÖRÐINI.

bil þrjár vikur en þá brjótast litlu ungarir út.

Lóan flýgur hratt og hleypur líka hratt þegar hún er niðri á jörðinni.

Þekktustu hljóð lóunnar eru söngurinn á varptímanum „dirrindi“ eða „dýrðin-dýrðin,“ sem hún syngur bæði sitjandi og á flugi.



Sigurður Gauti er með nokkuð ákveðin framtíðarplön en þegar hann verður fullorðinn ætlar hann að keyra bíl, vinna í Elko, Bónus og IKEA. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Draumurinn að vinna í Elko

Sigurður Gauti Einarsson er fimm ára gamall Hafnfirðingur sem er við það að útskrifast úr leikskóla. Hann á sjö ára gamlan bróður, Óliver, og svo á hann lítinn hvölp sem heitir Yrja. Sigurður veit hvað hann vill gera þegar hann verður stór.

Hvernig er lífið hjá þér þessa dagana, Sigurður? „Bara fínt.“

Hver eru helstu áhugamálin þin? „Að fara á trampólín, í Rush og í sund og íþróttir.“

Hvort er skemmtilegra, körfubolti eða fótubolti? „Körfubolti.“

Með hvaða liði heldurðu í körfubolta? „Haukum. Sama liði og pabbi.“

Hvað viltu helst gera þegar þú verður stór? „Keyra bíl. Vinna í Elko, Bónus og IKEA.“

Ég frétti að þú færir oft í koddaslag við pabba þinn, hvor vinnur oftast? „Pabbi.“

Hvað ætlarðu að gera í sumar? „Setja trampólín í garðinn.“

Hvað er það skemmtilegasta við

ÞAD SKEMMTILEGASTA VIÐ SUMARIÐ ER AÐ FARA Á TRAMPÓLÍN, Í RUSH OG Í SUND OG ÍÞRÓTTIR.“

sumarið? „Að fara á trampólín og líka horfa á ofurhetjumyndina með Hulk og Spiderman.“

Hver er uppáhaldsmaturinn þinn? „Krabbapylsur og takkó.“

Einhver matur sem þér finnst vondur? „Brokkolí. Þá verður mér illt í hálsinum, hann stíflast.“

Hvaða sjónvarpsþættir eru í uppáhaldi? „Hákarlinn og hundurinn (Zig&Sharko) og Power Rangers.“

Lausn á gátunni

Núnda orðið sem vantar er í gátunni





**RAM**

# GLÆSILEG JEPPASÝNING Jeep

**Í DAG 6. JÚNÍ Á MILLI KL 12-16**

## FERÐASTU UM **ALLT** ÍSLAND

### Á ALVÖRU JEPPA MEÐ ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIFI

GLÆSILEGIR JEEP® JEPPAR OG RAM PALLBÍLAR TIL SÝNIS, BREYTTIR OG ÓBREYTTIR  
GRAND CHEROKEE 33" OG 35" BREYTTIR, WRANGLER 35", 37" OG 40" BREYTTIR.



**35" TRAILHAWK**

#### STAÐALBÚNAÐUR GRAND CHEROKEE

- 3.0 V6 250 HÖ. DÍSEL, 8 GÍRA SJÁLFSKIPTING
- 570 NM TOG
- HÁTT OG LÁGT DRIF
- RAFDRIFIN LÆSING Í AFTURDRIFI
- LOFTPÚÐAFJÖÐRUN AÐ FRAMAN OG AFTAN
- HLÍÐARPLÖTUR UNDIR VÉL, KÖSSUM OG SKIPTINGU

**VERÐ FRÁ: 11.690.000 KR.**



**35" RUBICON**

#### STAÐALBÚNAÐUR WRANGLER RUBICON

- DÍSEL 200 HÖ / BENSÍN 273 HÖ
- 8 GÍRA SJÁLFSKIPTING
- ROCK-TRACK® FJÓRHJÓLADRIF - SELECT-TRAC® MILLIKASSI
- TRU-LOCK® 100% DRIFLÆSINGAR AÐ FRAMAN OG AFTAN
- HEAVY DUTY FRAM- OG AFTURHÁSIG
- BAKKMYNDAVÉL MEÐ BÍLASTÆÐAÐSTOÐ

**VERÐ FRÁ: 11.990.000 KR.**



GRAND CHEROKEE TRAILHAWK



GRAND CHEROKEE OVERLAND



GRAND CHEROKEE OVERLAND  
33" BREYTTUR



WRANGLER



WRANGLER 37" BREYTTUR



WRANGLER 40" BREYTTUR

**TÖKUM GAMLA BÍLINN UPP Í NÝJAN**



RAM 3500



RAM 3500 37" BREYTTUR



RAM 3500 40" BREYTTUR

**RAM PALLBÍLAR MEÐ 37" OG 40" BREYTINGUM TIL SÝNIS**

RAM 3500 VERÐ ÁN VSK. FRÁ: 7.302.000 KR. - VERÐ MEÐ VSK. FRÁ: 9.054.480 KR.



UMBOÐSADILI JEEP® OG RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR  
S. 534 4433 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Laugardagur

Reykjavík



10 | 4  
°C | ↓

Egilsstaðir



7 | 5  
°C | ↓

Ísafjörður



4 | 4  
°C | ↓

Kirkjubæjarkl



13 | 4  
°C | ↓

Akureyri



3 | 3  
°C | ↓

Hveravellir



2 | 6  
°C | ↓

Norðvestan 3-8, en 8-13 austast. Viða þurr og bjart veður, en skýjað með köflum fyrir norðan. Hiti 4 til 14 stig, mildast syðst.

## Reykjavík



Sunnudagur



12 | 4  
°C | ↑

Mánudagur



9 | 5  
°C | ↑

Þriðjudagur



9 | 6  
°C | ↓

Miðvikudagur



12 | 3  
°C | ↓

Fimmtudagur



8 | 4  
°C | ↑

## Ísafjörður



8 | 5  
°C | ↑



8 | 5  
°C | ↓



3 | 5  
°C | ↓



2 | 4  
°C | ↓



4 | 1  
°C | ↓

## Akureyri



11 | 1  
°C | ↓



11 | 1  
°C | ↑



5 | 4  
°C | ↓



4 | 2  
°C | ↓



7 | 2  
°C | ↑

## Egilsstaðir



11 | 1  
°C | ↓



11 | 5  
°C | ↑



7 | 3  
°C | →



6 | 3  
°C | →



9 | 3  
°C | ↑

## Kirkjubæjarklaustur



11 | 2  
°C | ↓



9 | 4  
°C | ↑



13 | 6  
°C | ↓



14 | 3  
°C | ↓



9 | 6  
°C | ↑

## Hveravellir



5 | 5  
°C | ↑



6 | 8  
°C | ↑



3 | 7  
°C | ↓



4 | 5  
°C | ↓



3 | 6  
°C | ↑

## Pondus

Eftir Frade Øverli



## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Það borgar sig ávallt að auglýsa í Fréttablaðinu

# LÍKA Á SUMRIN!

# 88%

júní júlí ágúst

88% af lesendum dagblaða\* á höfuðborgarsvæðinu á aldersbilinu 18-49 ára lesa Fréttablaðið daglega allan ársins hring



FRÉTTABLAÐIÐ – mest lesna dagblað landsins, líka á sumrin

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut

h

\*meðallstur þeirra sem lesa bara Fréttablaðið og þeirra sem lesa Fréttablaðið og Morgunblaðið. Heimild: Prentmálningar Gallup apr - júní og júlí - sept. 2019.



bauhaus.is

**BAUHAUS**

NÝTT Í BAUHAUS



# Frábært verð! 109.995.-

## WEBER Spirit S320 GBS

Grillflötur: 60cm x 44,5cm. 3 ryðfrír brennarar, 8,79 kW. Innfeldd gas hliðarhella, 3,52 kW. Rafstýrður kveikjari. Pottjárnsgrillgrindur – „BBQ system“. Postulín-glerungshúðaðar bragðburstir (Flavorizer® bars). Ryðfrítt stállok. Innfeldur hitamælir í loki. H:113cm (145cm) B:132cm D:66cm (69cm). Fitusafnari og álbakki fyrir fitu. Gaskútahaldari.



Yfirbreiðsla fylgir

## SUMARIÐ ER TÍMINN!

Margar stærðir og gerðir.

Ath. að birgðastaða getur breyst skjótt en sendingar áætlaðar vikulega!

**315.-**

FRÖSLEV

**Gagnvarið pallaefni**

Gagnvarin fura. NTR A/B vottað. 28 x 120 mm. Verð á m. FSC.

**19.995.-**

FISKARS

**Slöngukefli**

Fullkomið sett frá Fiskars með slönguvagni, 30 metra vatnsslöngu, kranatengi og vatnsbyssu. Fæst í 15, 20 og 30 m. Verð frá 14.995 kr.-

termo  
do not cover**9.995.-****Milano pallahitari**

Pv.60 cm. Stillanleg hæð, há. 200 cm. Höfuðið er hægt að stilla upp og niður. 650/1300/2000 W. Hitar ca. 10 - 12 m². Svartur. IP klasse 44.

**MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!****OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18**

BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplýsingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is



Ari Bragi Kárasón verður á Jómfrúnni ásamt félagum.

## Sumarjazz í tuttugasta og fimmta sinn

Hin árvissa jazzsumartónleikaröð veitingahúss Jómfrúarinnar við Lækjargötu hefst í dag, laugardaginn 6. júní. Þetta er tuttugasta og fimmta árið í röð sem Jómfrúin býður þeim sem heyra vilja upp á ókeypis sumarskemmtun á laugardagseftirmiðdögum. Eins og undanfarin ár er dagskrárgerð og kynning í höndum Sigurðar Flosasonar. Tónleikar verða alla laugardaga í júní, júlí og ágúst.

Á fyrstu tónleikum sumarsins kemur hljómsveitin Staðlaráðið fram. Ari Bragi Kárasón leikur á trompet, Sigurður Flosason á saxófón, Andrés Þór Gunnlaugsson á gítar, Þorgrímur Jónsson á kontrabassa og Einar Scheving á trommur. Þeir munu flytja fjölbreytta efniskrá jazzstandarda. Tónleikarnir fara fram utandyra á Jómfrúartorginu. Þeir hefjast klukkan 15 og standa til klukkan 17.

## Vísnatónlist í Hannesarholti

Gudmundur Andri Thorsson og félagar hans flytja efni af sólóplötu hans Ötrygg er ögurstundin í Hannesarholti klukkan 16.00 og 20.00 í dag, laugardag. Þetta eru frumsamin lög og textar – vísnatónlist, lágvæ, hlýleg og angurvær. Miðaverð er 3.000 krónur.

## Fimm sýningar í Listasafni Akureyrar

Fimm sýningar verða opnaðar í dag, laugardaginn 6. júní kl. 12, í Listasafninu á Akureyri:

**Brynja Baldursdóttir**  
Sjálfsmynd

**Heimir Björgúlfsson**  
Zzyzx

**Jóna Hlíf Halldórsdóttir**  
Meira en þúsund orð

**Samsýning**  
Hverfandi landslag. Íslenskir og finnskir listamenn sýna þæfð verk úr ull.

**Snorri Ásmundsson**  
Franskar á milli

Sunnudaginn 7. júní verður listamannspjall með Jónu Hlíf Halldórsdóttur klukkan 14 og Önnu Gunnarsdóttur, sýningarstjóra, kl. 15.



„Við getum borið höfuðið hátt,“ segir Kolbrún Halldórsdóttir sem annaðist rekstur Leikminjasafnsins síðustu árin. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Vatnaskil í sögu Leikminjasafns Íslands

**Kolbrún Halldórsdóttir segir að með stofnun safnsins hafi ómetanlegur arfur varðveist. Landsbókasafn Íslands og Þjóðminjasafn Íslands hafa tekið við hlutverkinu.**

Kolbrún Bergþórsdóttir  
kolbrunb@frettabladid.is



Leikminjasafn Íslands var stofnað árið 2003 eftir nokkurn aðdraganda. Tilgangur þess var að skrá sögulegar minjar um íslenskar sviðslistir, rannsaka þær og miðla þeim áfram með nútímalegum hætti. Nú hafa orðið vatnaskil í sögu safnsins, sem var lagt niður fyrir ári, en þá tóku Landsbókasafn Íslands og Þjóðminjasafn Íslands við hlutverki þess, safnkosti og eignum. Kolbrún Halldórsdóttir var stjórnarformaður Leikminjasafnsins og annaðist rekstur þess síðustu árin. Stofnendur Leikminjasafnsins áttu sér þann draum að veglegt leikminjasafn að erlendri fyrirmynd yrði til hér á landi. Kolbrún segir að sá draumur sé að dofna.

### Prefalt hlutverk

Spurð um tilurð Leikminjasafnsins á sínum tíma segir hún: „Við í sviðslistageiranum vildum að það yrði stofnað faglegt og metnaðarfullt safn sem hefði þrefalt hlutverk. Í fyrsta lagi átti það að sinna söfnun og koma þannig í veg fyrir að það glótudust minjar um leiklistarstarf á Íslandi. Í öðru lagi að stuðla að rannsóknum og í þriðja lagi að

miðla arfinum með nútímalegum hætti, bæði með sýningahaldi og gegnum öfluga heimasíðu.

Það sem er spennandi við safnageirann er þetta þriðja hlutverk safna, sem á jafnt við um söfn á listasviðinu sem öðrum sviðum. Það hefur enga þýðingu að safna bara og setja hluti í geymslu. Það er heldur ekki fullnægjandi fyrir fræðimenn og sérfræðinga að stunda rannsóknir en fá aldrei að miðla þekkingu sinni. Það er miðlunin á arfinum sem er svo mikilvæg og í henni felast ótal tækifæri, ekki síst á tímum stafrænnar tækni. Við sem störfuðum fyrir Leikminjasafnið, og börðumst fyrir tilveru þess í tuttugu ár, höfum alltaf skynjað þessi tækifæri, en okkur tókst ekki að fá stjórnvöld með okkur í lið. Þess vegna voru aldrei nægir fjármunir til að stofna alvöru safn, í líkingu við þau söfn sem okkur dreymdi um og eru til í nágrannalöndum okkar.“

### Verðmætum bjargað

Spurð hverju Leikminjasafnið hafi áorkað segir Kolbrún: „Okkur tókst að bjarga úr geymslum látinna leikhúslíamanna miklum verðmætum og koma þeim fyrir í geymsluhúsnæði sem við greiddum háar upphæðir fyrir á hverju ári. Þannig tókst okkur að koma í veg fyrir að ómetanlegur arfur glataðist. Úr

**SAFNAGEIRINN Í LISTUM HEFUR ÞVI MIÐUR EKKI BORIÐ GÆFU TIL AÐ STANDA SAMAN UM SAMEIGINLEGA HAGSMUNI SÍNA.**

Þessum arfi varð svo til efniviður í á þriðja tug sýninga og viðburða á 20 árum. Þegar litid er yfir þá sögu og þann fróðleik sem þannig var miðlað, þá getum við alveg borið höfuðið hátt.“

Þessi verðmæti eru nú geymd á heimasíðu safnsins og í Landsbókasafninu og Þjóðminjasafninu. „Við keyrdum þangað á annan tug vörubretta af kössum sem í voru meðal annars leikhandrit, dagbækur og úrklippubækur leikhúslíamanna liðinnar aldar. Þar tóku sérfræðingar Landsbókasafnsins við og hafa unnið skráningarvinnu handrita og bóka, ásamt frágangi einkaskjalasafna af mikilli natni og fagmennsku. Svo hefur bókasafn Listaháskóla Íslands líka notið góðs af.“

Við sem vorum í forsvari fyrir Leikminjasafnið lögðum mikla áherslu á að ráðinn yrði sérfræðingur í sviðslistum inn í Landsbókasafn, sem myndi starfa með Þjóðminjasafni og Landsbókasafni í að miðla þessari þekkingu sem

við höfum um gengna leikhúslíamenn og um sviðslistirnar eins og þær hafa þróast á Íslandi. Þessi sérfræðingur er að visu ekki enn kominn til starfa, en vonir standa til að auglýst verði eftir honum með haustinu.“

### Dreifðir fjármunir

Spurð hvort eitthvað bendi til að leikminjasafn í eigin húsnæði muni líta dagsins ljós segir Kolbrún: „Það er ekkert á þessari stundu sem bendir til að svo verði. Það er í sjálfu sér dapurlegt en helgast af því að fjármunirnir í safnageranum eru ekki miklir og þeir eru dreifðir. Safnagerinn í listum hefur því miður ekki borið gæfu til að standa saman um sameiginlega hagsmuni sína. Fyrir nokkrum árum gerði ég tilraun til að leiða saman krafta Kvíkmyndasafns Íslands, Tónlistarsafns Íslands og Leikminjasafnsins, en þá var enginn vilji til þess að skoða möguleikana á samstarfi. Á endanum held ég samt að þessi söfn hljóti öll að ganga meira og minna í eina säng í mjög opnu og skapandi samstarfi við höfuðsöfnin okkar. Þannig gæti orðið til faglegt og metnaðarfullt safn þar sem við getum heiðrað þá sem gengnir eru og dregið þeirra arf fram í dagsljósið. Slíkt safn gæti aukið þekkingu og skilning og þar af leiðandi gert sviðslistir dagsins í dag enn betri.“

OPIÐ ALLA HELGINA

# HELGARTILBOÐ

Í HEIMILISTÆKJUM OG TÖLVULISTANUM!



CORSAIR  
**20%  
AFSLÁTTUR**

**ALLT FRÁ CORSAIR**

**tl.is**



CORSAIR  
**20%  
AFSLÁTTUR**

**FJÖLBREYTT  
VÖRUÚRVAL!**


